

2009

Héraðssamband
Vestfirðinga



[ÁRSSKÝRSLA HSV]

Efnisyfirlit

Skýrsla Stjórnar	4
Ávarp formanns	4
Stjórnarfundir HSV	10
Formannafundir	10
Verkefnasjóður 2009.....	11
Afreksmannasjóður 2009.....	12
Verkefnasamningur.....	13
Íþróttamaður Ísafjarðarbæjar	13
Aðalfundir félaganna.....	14
Félagakerfið Felix	14
Lottó.....	14
Getraunir og tippaleikurinn.....	15
Íþróttaping ÍSÍ 2009	15
46.sambandsþing UMFÍ.....	16
Landsmót 2009.....	16
Unglingalandsmót 2009	17
Ýmsar upplýsingar.....	18
Lög HSV	18
Forvarnarstefna HSV	20
Úthlutunarreglur íbúða HSV.....	22
Aðildarfélög og formenn félaga árið 2009	23
Heiðursviðurkenningar HSV	24
Íþróttaiðkendur aðildarfélaga HSV	25
Skipting rekstrar, lottó og getraunartekjum aðildarfélaga HSV	26
Íþróttamaður Ísafjarðarbæjar frá upphafi	26
Styrkir úr íþróttasjóði ríkisins 2009.....	28
Ferðasjóður ÍSÍ	28
Fréttapunktur frá ÍSÍ.....	29
Fréttapunktur frá UMFÍ	32
Skýrslur Aðildarfélaga HSV	41

Ársskýrsla HSV 2009

Blakfélagið Skellur	41
Golfklúbbur Ísafjarðar	42
Íþróttfélagið Grettir	46
Íþróttfélagið Höfrungur	46
Íþróttfélagið Ívar	47
Íþróttfélagið Stefnir.....	48
Knattspyrnufélagið Hörður	50
Körfuknattleiksfélag Ísafjarðar	55
Skíðafélag Ísfirðinga	57
Skotíþróttfélag Ísafjarðarbæjar	59
Sundfélagið Vestri.....	60
UMF.Geisli Súðavík	62
Fylgiskjöl	
Ársreikningur	

Skýrsla Stjórnar

Ávarp formanns

Í upphafi þings fengu öll aðildarfélög afhenta ársskýrslu HSV. Er þetta í fyrsta skipti sem þetta form er haft á útgáfu skýrslunnar og er hún jafnframt með nýju sniði. Stjórn HSV er með þessu að fylgja eftir samþykktum undanfarinna tveggja ársþinga um ítarlegri og betri upplýsingar frá sambandinu og aðildarfélögum þess.

Það er von mín að þessi skýrsla gefi góða mynd af starfsemi HSV og aðildarfélögum þess. Þó verður að viðurkennast að rúm er fyrir bætingu í upplýsingaskilum frá einstökum félögum. Ég ítreka skýra stefnu HSV og aðildarfélaga í þessum efnunum og minni á samþykkt frá síðasta ársþingi þar sem þingið samþykkti að öllum aðildarfélögum bæri skylda til að senda inn skýrslu um starfsemi sína. Það er mín skoðun að aðildarfélög eigi að leggja metnað og vinnu í skýrslugerðina, en þessi sameiginlega skýrsla okkar allra sem fyrir ykkur liggur nú, er sterkt vopn í okkar höndum til að skýra frá því merka og mikilvæga starfi sem fer fram innan aðildarfélaga HSV.

Starfsemi aðildarfélaga

Aðildarfélög HSV eru 23 félög, misjafnlega virk þó. Innan þeirra vébanda eru 1620 virkir iðkendur. Þar af 801 iðkandi yngri en 16 ára. Innan aðildarfélaga HSV eru 3550 skráðir félagar, sem gerir HSV að stærstu félagasamtökum í Ísafjarðarbæ þótt víðar væri leitað.

Rekstur HSV

Ársreikningur HSV fyrir 2009 sýnir að rekstur sambandsins er í járnnum. Um 300 þúsund króna tap var af grunnrekstri þess, þrátt fyrir að samstaða HSV sýni hagnað sé tekið tillit til hagnaðar af afreksmannasjóði. Ef litið er á stöðuna fyrir fjármagnsliði versnar staðan til muna, enda kemur það fram í reikningum okkar að reksturinn er háður fjármagnstekjum til að hann standi undir sér.

Við þetta getum við ekki unað. Stjórn HSV ásamt framkvæmdarstjóra hefur skorið niður í rekstri eins og unnt er og nú er svo komið að svigrúm til aðgerða að hálfu HSV er ekkert. Það er mín skoðun að auka þurfi tekjur sambandsins um allt að milljón krónur á ári til að rekstur þess sé í jafnvægi.

Ástæðuna fyrir þessari stöðu má rekja til þess tíma að við misstum samstarfssamning við UMFÍ um stöðu framkvæmdarstjóra. Ljóst var að allt frá því að hætt var að vinna eftir þeim samningi hefur HSV tekið á sig aukinn rekstrarkostnað og í raun má sæta undrun að tekist hafi að reka sambandið réttu megin við núllið hingað til.

Ég hef því væntingar til þess að stjórn HSV fái til þess heimild þingsins til að afla aukinna tekna með öllu ráðum.

Verkefnasjóður 2009

Úthlutað var tæplega 2,4 milljónum til 27 verkefna í Ísafjarðarbæ, bæði til aðildarféлага HSV sem og annarra félagasamtaka í bæjarfélaginu. Í skýrslunni fyrir framan ykkur er listi yfir þessum verkefnum og þar má sjá að þau eru af ýmsum toga. Vel hefur gengið að fá góðar umsóknir í sjóðinn og vill ég nota tækifærið og hvetja aðildarfélög sem og önnur félagasamtök og einstaklinga í Ísafjarðarbæ til að sækja um í sjóðinn á þessu starfsári.

Afreksmannasjóður 2009

Á ársþingi HSV vorið 2008 var samþykkt að efla afreksmannasjóðinn verulega með fjögurra milljóna króna framlagi úr aðalsjóði HSV. Um áramótin 2009-2010 stóð hann í 5.569.512 kr og jókst hann sem samsvarar hagnaði uppá 409.719 kr á síðasta ári.

Ég verð óneitalega hugsari um stöðu sjóðsins og framtíð hans og ég verð að viðurkenna að ég spyr sjálfan mig að því hvort þessir fjármunir séu að nýtast á sem bestan hátt fyrir íþróttahreyfinguna og aðildarfélög HSV. Á síðast ári bárust stjórn sjóðsins umsóknir í tvö af þeim þremur skiptum sem auglýst var úr sjóðnum og var úthlutað 800.000 kr.

Íþróttamaður Ísafjarðarbæjar

Íþróttamaður Ísafjarðarbæjar 2009 var kjörinn við hátíðlega athöfn þann 24.janúar síðastliðinn. Knattspyrnumaðurinn Emil Pálsson var útnefndur íþróttamaður Ísafjarðarbæjar. Ég óska þessum unga og efnilega knattspyrnumanni til hamingju með þennan titil.

Félagakerfið Felix

Felixkerfið svokallaða, sem er félagskerfi ÍSÍ og UMFÍ er mikilvægur þáttur í okkar starfsemi. Í þessu kerfi eru skráðir félagar og iðkendur ásamt upplýsingum um rekstur og starfsemi aðildarféлага HSV.

Á síðasta ársþingi HSV var samþykkt tillaga þess efnis að hverju aðildarfélagi bæri að skila skýrslu til HSV fyrir 1.apríl ár hvert. Jafnframt hefur ÍSÍ heimild til að svipta félög keppnisrétti í Íslandsmótum ef skýrslu er ekki skilað fyrir 15.apríl.

Jafnframt kom fram í áðurnefndri tillögu að eftir 15.apríl ber stjórn HSV að draga 10% af lottótekjum félagsins fyrir hvern mánuð sem dregst að skila skýrslunni. 16.apríl sl. höfðu sex aðildarfélög ekki skilað skýrslu. Það er því ljóst að viðkomandi aðildarfélög munu fá skertar greiðslur þetta árið.

Lottó, Getraunir og tippleikurinn

Eins og sjá má í reikningum HSV þá er framlag úr Lottó og getraunum mikilvæg tekjulind aðildarféлага okkar. Bæði þessum verkefnum hafa verið afar vel rekin undanfarin ár

og skilað íþróttahreyfingunni á landsvísu gríðarlegum verðmætum, meira en margur grunar. Það er því mikilvægt að allir leggist á eitt við að styðja við starfsemi Lottó og Íslenskra getrauna. Framlög hafa verið að aukast undanfarin ár, en ekki er hægt að gera ráð fyrir því að það aukist á hverju ári og bendir ýmislegt til þess að mikil varnarbarátta sé framundan.

Hjá Íslenskum getraunum hefur HSV getraunanúmerið 400 í íslenskum getraunum. Það verður að segjast að áheiti á númer HSV hrundi þegar það fór úr 761.933 kr frá árinu 2007 í 79.127 kr árið 2008. Ástæðan fyrir þessu er án efa Getraunaleikur HSV, en hann er undirstaða áheita á númerið okkar. Ljóst er að mikill ávinningur er fyrir öll aðildarfélög að styðja við starf Getraunleiksins og alla umgjörð hans. Síðastliðin áramót tók BÍ að sér að halda utan um Getraunaleikinn og hefur það gengið ágætlega. En betur má ef duga skal og hvet ég öll aðildarfélög að styðja HSV og BÍ og hvetja alla aðildarfélaga sína til þátttöku í leiknum og heita á númer HSV!

Landsmót 2009 – þátttakan

26. Landsmót UMFÍ var haldið á Akureyri dagana 9.-12. júlí 2009. Um var að ræða sérstakt afmælistót þar sem 100 ár voru liðin frá því að fyrsta mótið var haldið og það einnig á Akureyri.

HSV stóð fyrir því að lið frá sambandinu tæki þátt og fór nokkuð af keppendum á landsmótið þó við myndum vilja sjá fleiri fara og væri gaman ef það væri hægt að ná upp meiri áhuga fyrir næsta móti sem verður á Selfossi 2013. Á Landsmótinu er keppt í um 30 greinum ásamt starfsíþróttum þannig að flestir ættu að geta fundið sér einhverja íþrótt til að taka þátt í.

HSV greiddi keppnisgjöld fyrir alla keppendur og setti upp sameiginlegt samkomutjald fyrir sína keppendur þar sem hægt var að setjast niður og borða, ræða málin og efla ungmennafélagsandann. Keppendur frá HSV kepptu í blaki, bridds, knattspyrnu og sundi og stóðu sig mjög vel. Guðni Guðnason var aðalfararstjóri keppenda á leikunum og sá um að allt færi vel fram. Færi ég honum mínar bestu þakkir fyrir hönd HSV.

Unglingalandsmót 2009 og fyrirhugað mót í Borgarnesi 2010

12. Unglingalandsmót UMFÍ var haldið á Sauðárkróki um verslunarmannahelgina 2009. Keppt var í 9 íþróttgreinum; frjálsíþróttum, glímu, golfi, hestaíþróttum, knattspyrnu, körfubolta, motocrossi, skák og sundi.

Þátttakendur hafa aldrei verið fleiri á Unglingalandsmótum en að þessu sinni en um 1.500 keppendur skráðu sig til leiks og talið var að um 10.000 manns hafi sótt mótið þetta árið.

Á vegum HSV fóru rúmlega 40 keppendur en ásamt þeim fylgdu með foreldra og

Ársskýrsla HSV 2009

fjölskyldur margra keppenda. HSV hefur greitt niður helming af keppnisgjöldum keppenda ásamt því að sjá fyrir samkomutjaldi. Einnig var muurika þanna á staðnum sem hægt var að nota til að elda á.

Keppendur HSV stóðu sig gríðarlega vel og fengu fjölmörg verðlaun ásamt því að skemmta sér konunglega. Unglingalandsmót leggur einmitt meira upp úr skemmtun, þátttöku og almennu heilbrigði frekar en úrslitunum sjálfum. Unglingalandsmót er fjölskylduskemmtun án allra vímuefna og er góður kostur fyrir fjölskyldur og börn þeirra ef gera á verslunarmannahelgina skemmtilega og minnistæða.

13.unglingalandsmót UMFÍ er haldið í Borgarnesi um verslunarmannahelgina núna í sumar og hvet ég aðildarfélög til að taka þátt í þessum ótrúlega flotta viðburði. Stjórn og framkvæmdarstjóri HSV eru til samstarfs um skipulagningu og framkvæmd þátttökunnar nú sem endranær.

Guðni Guðnason hefur haft veg og vanda að skipulagningu og umsjón með ungingalandsmótunum fyrir hönd HSV undanfarin ár og eru honum færðar bestu þakkir fyrir það góða starf.

Forvarnarstefna HSV

Forvarnarstefnan var samþykkt á formannafundi HSV 2.nóvember 2009. Þá var einnig samþykkt að öll aðildarfélög HSV myndu gera sína eigin stefnu og skila henni inn til HSV fyrir ársþing. Hafa skil á því verið í besta falli mjög slæm og eiga fjölmörg félög eftir að skila forvarnarstefnu inn til HSV.

Stjórn HSV taldi þá og telur mjög mikilvægt að HSV hafi virka forvarnarstefnu og er ennþá mikilvægara að aðildarfélög HSV seti sér virka forvarnarstefnu því félögin eru nærumhverfi krakka og unginga og mikilvægt að félögin, stjórnir, þjálfarar og foreldrar geri sér grein fyrir mikilvægi forvarnarstarfs hjá íþróttafélögunum.

Úthlutunarreglur íbúða HSV

Samkvæmt samstarfssamningi við Ísafjarðarbæ fær HSV úthlutað fjórum íbúðum frá bæjarfélaginu til að úthluta til aðildarfélagaga. Undanfarið höfum við orðið vör við aukna ásókn í þessar íbúðir og hefur eftirspurn verið meiri en framboð stóran hluta af síðasta starfsári. Til að bregðast við þessu ástandi hefur stjórn HSV óskað eftir tímabundinni úthlutun á fleiri íbúðum frá Ísafjarðarbæ og var okkur vel tekið þar á bæ og ber að þakka þær viðtökur sem íþróttahreyfingin fékk. Samstarf við Fasteignir Ísafjarðarbæjar hefur verið með miklum ágætum og þakkar HSV starfsmönnum þess fyrir gott samstarf og góða þjónustu. Jafnframt voru samþykktar á formannafundi nýjar úthlutunarreglur vegna íbúðanna sem taka á því hvernig stjórn HSV ber að forgangsraða umsóknum um íbúðir og er hægt að lesa um reglurnar í skýrslunni góðu.

Ferðasjóður ÍSÍ

Árið 2009 fengu aðildarfélög endurgreiddan ferðakostnað uppá 2.248.554 kr., en félögin sendu inn fyrir mun hærri upphæð. Ekki er allur ferðakostnaður félaganna styrkhæfur en það miðast við Íslandsmót. Heildarferðakostnaður aðildarféлага HSV er líklega ekki minni en 20.000.000 kr á ári. Mjög mikilvægt er að öll félög sendi inn í ferðasjóðinn fyrir þann ferðakostnað sem styrkhæfur er. Íþróttafélögin í landinu geta með þessu móti sýnt fram á það hversu mikill kostnaður er fólgin í ferðalögum og þannig sýnt yfirvöldum svart á hvítu hversu mikilvægur ferðasjóður ÍSÍ er og hversu mikilvægt er að styrkja hann í framtíðinni.

Áframhaldandi Samvinna við bæinn

Sumarið 2011 rennur núverandi samstarfssamningur við Ísafjarðarbæ út. Það er vilji stjórnar HSV að endurnýja þennan samning og halda áfram því góða samstarfi sem HSV hefur átt við bæjarfélagið. Þessi samstarfssamningur hefur vakið athygli víða hjá öðrum héraðssamböndum og Íþróttafélögum um land allt og hefur hann verið öðrum hvatning til frekara samstarfs milli grasrótar og bæjarfélags.

Afmæli Knattspyrnufélagsins Harðar

Ég átti ánægjulega helgi í lok maí sl. sumar með félögum okkar í Herði á 90 ára afmæli þeirra. Ég vill nota tækifærið og lýsa yfir ánægju minni og þakklæti fyrir að hafa fengið tækifæri á að taka þátt í afmælishátíðinni.

HSV 10 ára

Á þessu ári eru tíu ár liðin frá stofnun HSV. Af því tilefni leggur stjórn HSV fram tillögu á þessu þingi þess efnis að HSV haldi fjölskyldudag í tilefni afmælisins ásamt öllum aðildarfélögum. Ég vona að við getum náð saman góðri stemningu og átt saman ánægjulegan dag með öllum bæjarbúum. Jafnframt vill ég leggja til af þessu tilefni að HSV hefji undirbúning að ritun Íþróttasögu Ísafjarðarbæjar og Súðavíkur. Er hér um afar umfangsmikið og metnaðarfullt verkefni og vanda þarf til verks frá fyrsta skrefi. Á Ísafirði, í Hnífsdal, Súðavík, Öfundarfirði, Sógandafirði og Dýrafirði er að finna ótrúlega sögu íþróttar og afreka á því sviði. Ekki bara afreka í formi styrks, úthalds og snerpu, heldur afreka heils samfélags sem felst í því að skipuleggja og framkvæma æfingar, keppni og íþróttaviðburði við oft á tíðum erfiðar aðstæður íbúunum til heilla. Það er þessi ómetanlega saga sem okkur ber skylda til að skrásetja og geyma. Ég mun því leggja fram tillögu á þessu þingi sem gefur stjórn HSV heimild til að skipa undirbúningsnefnd um ritun íþróttasögu Ísafjarðarbæjar og Súðavíkur.

Framtíðarsýn íþróttamála í Ísafjarðarbæ

Á undanförnum sex árum sem ég hef starfað í stjórn HSV, þar síðustu þrjú sem formaður hef ég átt orðastað við hundruðir manna, þjálfara, foreldra, iðkenda og forsvarsmanna í íþróttahreyfingunni í Ísafjarðarbæ.

Smám saman hefur það runnið upp fyrir mér að við erum á villigötum. Við erum á villigötum í rekstri og starfsemi í málefnum yngstu iðkendanna.

Það er mín staðfasta trú að það kerfi sem við höfum byggt upp hjá aðildarfélögum HSV með mikilli sérhæfingu frá unga aldri og of mikilli áherslu á keppni og afrek sé rangt og því eigum við að breyta. Ég tel jafnframt að kerfið sem heldur utanum þjálfun og keppni yngstu iðkendanna sé of dýrt. Það er of umfangsmikið og það leggur of miklar kröfur á stjórnendur og foreldra í að afla fjár til að halda starfinu úti, í stað þess að beina kröftum þeirra í það sem skiptir máli að byggja upp betri einstaklinga í okkar unga fólki.

Það þarf margt að breytast til að hægt sé að snúa þessari þróun við. Fyrst og fremst þarf hugarfarsbreytingu. Svo þarf samstarf að stóraukast milli félaga. Loks þarf að endurhugsa þarfir okkar yngstu iðkenda í samræmi við þarfir og óskir foreldra. Við þurfum að spyrja okkur; Hvað er það í raun og veru sem skiptir mestu máli í starfsemi í íþróttum yngstu barnanna? Þeir tímar sem framundan eru í okkar samfélagi gera auknar kröfur á okkur sem eru í forsvari fyrir þessa grunnþjónustu sem íþróttastarf barna og unglinga er. Það er ábyrgð okkar allra að skapa aðstæður þannig að allir geti fengið tækifæri á að þroska líkama og hug innan vébanda íþróttahreyfingarinnar.

Þessar hugleiðingar mínar sem ég hef nú lýst fyrir ykkur eru ekki áráð á núverandi starf aðildarfélaga eða á það góða fólk sem starfar innan þeirra. Það fólk á allan heiður skilið fyrir fórnfúst starf. Ómetanlegt starf fyrir samfélagið. Ég er hinsvegar að kalla eftir nýrri hugsun, nýju hugarfari. Það er von mín að okkur takist að endurskipuleggja íþróttastarf yngstu iðkenda okkar þannig að sérhæfing minnki, kostnaður foreldra minnki verulega og gæðin aukist. Ég er amk. tilbúinn að leggja mitt af mörkum

Breytingar á stjórn

Fyrir þetta þing hafa tveir stjórnarmenn ákveðið að gefa ekki kost á sér til áframhaldandi setu og þakka ég þeim fyrir framlag sitt til HSV og aðildarfélaga þess. Sérstaklega þakka ég Sigrúnu Sigvaldadóttir fyrir vel unnin störf í þágu Íþróttahreyfingarinnar.

Að lokum vill ég þakka öllum þeim sem hafa lagt hönd á plóginn við að gera þetta samfélag sem við lifum í að betri stað til að búa á, með því að stuðla að öflugu og kraftmiklu íþróttalífi.

Íslandi allt

Ársskýrsla HSV 2009

Stjórnarfundir HSV

Á 9.héraðsþingi HSV sem haldið var í Edinborgarhúsinu 28. apríl 2009 var kosin ný stjórn sambandsins. Formaður var kosinn sérstaklega samkvæmt lögum, en stjórn skipti með sér verkum á fyrsta fundi.

Stjórn HSV starfsárið 2009-2010

Jón Páll Hreinsson, formaður

Gylfi Þ. Gíslason, varaformaður

Maron Pétursson, gjaldkeri

Sigrún Sigvaldadóttir, ritari

Guðni Guðnason, meðstjórnandi

Varastjórn skipa:

Erla Jónsdóttir

Ari Hólmsteinsson

Hafdís Gunnarsdóttir

Stjórnarfundir voru 10 á árinu og er hægt að sjá hér fyrir neðan upplýsingar um dagsetningu og mætingu á fundina. Varastjórn er ávalt hvött til mæta á alla fundi. Fundirnir fóru oftast fram í Skólagötu 10 og á efri hæð íþróttahússins Torfnesi.

	14/5	24/6	9/9	15/10	10/12	14/1	17/2	15/3	12/4	26/4
Jón Páll	x	x	x	x	x	x	x	x	x	x
Gylfi		x	x	x	x	x			x	x
Maron	x	x	x	x		x	x	x	x	x
Sigrún	x		x	x	x		x	x	x	x
Guðni	x	x			x	x	x	x	x	x
Erla	x			x	x	x	x	x	x	x
Ari	x		x				x	x		x
Hafdís										

Formannafundir

Á starfsárinu voru haldnir tveir formannafundir. Formannafundir eru æðsta vald HSV milli ársþinga og þar eru teknar allar mikilvægar og stefnumarkandi ákvarðanir hjá HSV á milli þinga. Meðal mála sem samþykkt voru á formannafundum á starfsárinu voru

Ársskýrsla HSV 2009

forvarnarstefna HSV, ákveðið að öll félög þyrftu að skila inn forvarnarstefnu til HSV, úthlutunarreglur íbúða HSV, forgangskröfur framkvæmda íþróttamannvirkja og ákvörðun um stofnun nefndar fyrir búningamál HSV. Eftirfarandi félög sendu aðila á formannafundi á starfsárinu.

Félag	2.Nóvember 2009	17.desember 2009
BÍ	Svavar Guðmundsson	Svavar Guðmundsson
KFÍ	Ingólfur Þorleifsson	Guðjón Þorsteinsson
Ívar	Valdís Eiríksdóttir	Rúnar Arnarsson
Hörður	Marinó Hákonarson	Marinó Hákonarson
Höfrungur	Sigmundur Þórðarson	
SFÍ	Jóna Lind Kristjánsdóttir	Sólrún Geirsdóttir
Vestri	Ragna Ágústsdóttir	Þuríður Vilmundardóttir
GÍ	Tryggvi Sigtryggsson	
Skellur	Sigurður Hreinsson	Sólveig Pálsdóttir
Skotís	Guðmundur Valdimarsson	Guðmundur Valdimarsson
Hending	Marinó Hákonarson	Marinó Hákonarson
Grettir	Björn Gunnarsson	Björn Gunnarsson
Stormur		Jóhann Bragason

Verkefnasjóður 2009

Stjórn Verkefnasjóðs HSV var skipuð þeim Jóni Páli Hreinssyni formanni HSV, Gylfa Gíslasyni varaformanni HSV og Maroni Péturssyni gjaldkera HSV. Auglýst var og úthlutað fjórum sinnum úr sjóðnum. Hér fyrir neðan gefur að líta úthlutanir 2009. Reglur verkefnasjóðsins er að finna á heimasíðu HSV.

Úthlutanir úr verkefnasjóði 2009		
Umsækjandi	Styrkur	Stutt lýsing á verkefni
Skíðafélag Ísfirðinga	25.000	Yogaæfingar
Stefnir Suðureyri	90.000	Spríkl og Spuni almenningsverkefni
Íþróttafélagið Ívar	120.000	Kennsla á "mono"skíðasleða, sleða fyrir lamaða og fatlaða
Boltafélag Ísafjarðar	85.000	Knattspyrnuval GÍ og BÍ
Boltafélag Ísafjarðar	40.000	Námskeið m/Luka Kostic
Boltafélag Ísafjarðar	60.000	Þjálfaranámskeið KSÍ II
Boltafélag Ísafjarðar	100.000	Þjálfaranámskeið UEFA-réttindi á Englandi
Boltafélag Ísafjarðar	25.000	Átaksverkefni í kvennaknattspyrna hjá BÍ
KFÍ	250.000	Körfuboltaþúðir 2009
Höfrungur Þingeyri	50.000	Námskeið og kennsla í strandblaki.
Hermann Nielsson	100.000	Gerð heimildarmyndar um líf nemanda á

Ársskýrsla HSV 2009

		afreksíþróttabrautum.
Hestamannaf. Stormur	50.000	Átaksverkefni í hestamennsku fyrir börn á grunnskólaaldri.
Knattspyrnuf. Hörður	100.000	Verkefni tengd afmælishátíð Harðar
Vestri	90.000	Dómaranámskeið
Hörður Handknattleiksdeild	160.000	Átaksverkefni í handknattleik, æfingar fyrir börn og unglina.
Kerrupúl á Ísafirði	70.000	Kerrupúl á Ísafirði, námskeið fyrir mæður með ung börn
KFÍ	50.000	Átak til fjölgunar iðkenda í minnibolta yngri og eldri í körfuknattleik
KFÍ	59.000	Þjálfaranámskeið: Námskeið í hraða og viðbragðsþjálfun.
Vestri og Ísafjarðarbær	150.000	Til eflingar sundmenningar á Ísafirði. Almenningsverkefni
GÍ	200.000	Átaksverkefni: Unglinga og byrjendastarf.
Hermann Nielsson	100.000	Heimildarmynd
Blakfélagið Skellur	150.000	Þjálfaranámskeið - Krakkablað
Blakfélagið Skellur	30.000	Dómaranámskeið
Íþróttafélagið Grettir	50.000	Átaksverkefni- sund og frjálsar
Taekwondodeild Harðar	50.000	Beltapróf í Taekwondo
Afreksíþróttabraut MÍ	50.000	Fyrirlestur og heimsókn íþróttasálfræðings
Skíðafélag Ísafjarðar	92.895	Þjálfaranámskeið
	2.396.895	

Afreksmannasjóður 2009

Stjórn afreksmannasjóðs HSV var kosin á síðasta ársþingi HSV. Stjórn sjóðsins skipa Jón Páll Hreinsson, Maron Pétursson og Erla Jónsdóttir. Auglýst var þrisvar sinnum en ekki bærust neinar umsóknir í síðustu úthlutun. Sjóðurinn stendur mjög vel eins og sést á ársreikningi sjóðsins. Fyrir þingi liggur breytingartillaga á reglum sjóðsins og er þar einungis um litlar breytingar að ræða sem snúast að úthlutun úr sjóðnum og fjölgun nefndarmanna. Reglur sjóðsins er að finna á heimasíðu HSV. Hér fyrir neðan gefur að líta úthlutun ársins 2009. Sjóðurinn var rekinn með 409.719 kr hagnaði á síðasta ári og var staða hans um áramótin 5.569.512 kr.

Úthlutanir úr afreksmannasjóði 2009		
Umsækjandi	Styrkur	Ástæða
Silja rán Guðmundsdóttir(SFÍ)	100.000	Landsliðsverkefni/ólymíudagar æskunnar
Rannveig Jónsdóttir (SFÍ)	100.000	Landsliðsverkefni/ólymíudagar æskunnar
Ólafur Njáll Jakobsson (SFÍ)	100.000	Landsliðsverkefni/ólymíudagar æskunnar

Ársskýrsla HSV 2009

Kristín Þorsteinsdóttir (Ívar)	100.000	landslíðsverkefni
Ragney Líf Stefánsdóttir (Ívar)	150.000	landlíðsverkefni
Sigurjón Hallgrímsson (SFÍ)	100.000	landlíðsverkefni
Sævar Birgisson (SFÍ)	100.000	landlíðsverkefni
Emil Pálsson (BÍ)	50.000	landslíðsverkefni
	800.000	

Verkefnasamningur

Nýr verkefnasamningur var undirritaður við Ísafjarðarbæ sem fól í sér að HSV tók að sér ýmis verkefni fyrir Ísafjarðarbæ s.s. fjöruþríf, áramótþríf, verkefni á Skíðavíku, þríf í frístundarhúsi, vinna við 17.júní, umsjón með knattspyrnuvelli á Ísafirði, umsjón með golfvöllum í Ísafjarðarbæ og vinna við Veturnætur. Fyrir þessi verkefni fær HSV greitt 5.900.000 kr á ári. HSV hefur svo þann hátt á að útteila verkunum og semja við aðildarfélög sín um að vinna verkin. Verkin á síðasta ári voru vel unnin og unnin af miklum heilindum af félögunum. Mikil ánægja er með verkefnasamninginn þó svo að erfitt geti verið að hafa fullt samhengi með tímavinnu og peningum. Stjórn HSV reynir að vinna það af eins mikilli sanngirni og stjórnin mögulega getur og telur rétt. Það eru margir þættir og margar breytur sem hafa ber í huga þegar verkefnum er útteilt og er iðkendafjöldi yngri en 16 ára helsta breytan þó svo að einnig fari það eftir verkefnum, aðstæðum, staðsetning verkanna, hefðum og fleira. Verkefnasamningurinn gerir félögunum kleift að fá frekara fjármagn inn í félagið og ætti það að leiða af sér félagið geti boðið upp á betri þjónustu til iðkenda sinna. Er það von HSV að þessi samningur verði endurnýjaður á næsta ári. Er það trú okkar að það sé hagur beggja aðila samningsins ekki síst Ísafjarðarbæjar sem fær verkin mjög vel unnin fyrir mjög sanngjarna fjárupphæð.

Íþróttamaður Ísafjarðarbæjar

Íþróttamaður Ísafjarðarbæjar 2009 var kjörinn við hátíðlega athöfn þann 24.janúar síðastliðinn. Knattspyrnumaðurinn Emil Pálsson var útnefndur íþróttamaður Ísafjarðarbæjar. Í umsögn um Emil kom fram að hann hafi leikið frábærlega með meistaraflokksliði BÍ/Bolungarvíkur og staðið sig frábærlega í 2.deildinni í sumar. Emil var í haust kjörinn efnilegasti leikmaður á lokahófi BÍ/Bolungarvík. Einnig hefur Emil sýnt góða takta með U17 landsliðinu og keppti meðal annars á Norðurlandamót U17 landsliða í Noregi í sumar þar sem Emil var í byrjunarliðinu í þremur af fjórum leikjum liðsins og skoraði tvö mörk.

Níu tilnefningar bárust frá íþróttafélögum og voru eftirfarandi tilnefndir. Anna María Stefánsdóttir Vestra, Anton Helgi Guðjónsson GÍ, Baldur Geir Gunnarsson Knattspyrnufélaginu Herði, Bylgja Dröfn Magnúsdóttir Hestamannafélaginu Hending, Emil Pálsson BÍ, Guðmundur Valdimarsson Skotíþróttafélagi Ísafjarðarbæjar, Pance Iliewski KFÍ, Silja Rán Guðmundsdóttir SFÍ og Ragney Líf Stefánsdóttir Íþróttafélaginu Ívar.

Aðalfundir félaganna

Samkvæmt lögum þurfa aðildarfélög HSV að halda aðalfund ár hvert. Mikilvægt er að auglýsa aðalfundi vel og að láta HSV vita um aðalfund. Nauðsynlegt er að HSV geti fylgst með aðalfundi og geti haft eftirlit með að allar venjur og reglur séu í lagi. Einnig er mjög mikilvægt að leggja fram skoðaða reikninga og undirritaða á aðalfundi.

Á ársþingi HSV 2008 var samþykkt að öll félög skulu senda inn til HSV skýrslu stjórnar og ársreikninga. Því miður er einhver brestur á þessu en flest öll félög standa sig vel í skilum á þessum upplýsingum. Aftast í þessari ársskýrslu eru skýrslur stjórnar félaganna og er það nýbreyttni í ársskýrslu HSV. Stjórn HSV telur mikilvægt að gefa út í einu riti ársskýrslu HSV og aðildarfélaganna þess. Með því móti er hægt að sjá í einu riti það mikla og blómlega starf sem íþróttafélögin og HSV stuðla að í Ísafjarðarbæ og Súðavík.

Félagakerfið Felix

Félagakerfi Felix er sameiginlegt kerfi UMFÍ og ÍSÍ og er megintilgangur kerfisins að skrá og halda utan um upplýsingar félaganna s.s. félagsmenn, iðkendur, stjórnir, nefndir, æfingahópa o.s.v.fr. Kerfið heldur utan um allar þessar upplýsingar á miðlægum gagnagrunni þannig að þær er alltaf hægt að nálgast og engin hætta er á því að þær tapist. Kerfið auðveldar allt utanumhald á skráningum félaganna. Í kerfinu er einnig hægt nálgast tölfræðilegar skýrslur úr starfsemi félaganna. HSV hvetur aðildarfélög sín að kynna sér felix og nýta sér kerfið. Mjög mikilvægt er að félögin séu virk í skráningu iðkenda sinna og eru nokkur félög mjög virk í að uppfæra og skrá iðkendur sína og hefur kerfið gefist mjög vel.

Á árinu 2009 skiluðu öll félög nema tvö felix skýrslu og er það von okkar að öll félög eigi eftir að skila inn þetta árið. Verði töf á eða algjört skeytingarleysi við skil á skýrslu til ÍSÍ leiðir það til keppnisbanns hjá ÍSÍ og hefur það einmitt hent félag innan HSV. Félög eru hvött til þess að hafa samband við framkvæmdarstjóra HSV ef einhverjar spurningar vakna varðandi felix kerfið.

Lottó

Heildarlottótækjur til HSV voru 3.545.358 kr en til samanburðar voru þær árið 2008 3.431.529 kr og árið 2007 3.140.910 kr. Lottótækjur HSV koma frá UMFÍ og ÍSÍ eftir ákveðnum reglum samtakanna.

Ársskýrsla HSV 2009

Lottótekjur HSV renna óskiptar til aðildarfélaganna HSV með undantekningu því samkvæmt reglum afreksmannasjóðs HSV samþykktar á ársþingi renna 10% af óskiptum lottótekjum í afreksmannasjóðinn.

Úthlutunarreglur HSV á lottótekjum til aðildarfélaganna fer eftir iðkenda og félagatali. Miðað er við tölur félaganna úr felix kerfinu. Enginn fær úthlutað rekstrarframlagi án skráningar í felix og skýrsluskilum til ÍSÍ. Úthlutunarreglur skiptast eftirfarandi, 5% miðað við alla félaganna íþróttafélaganna, 70% eftir iðkendum yngri en 16 ára, 20% eftir iðkendum eldri en 16 ára og 5% jafnt á öll félög.

Getraunir og tippaleikurinn

Tekjur af Íslenskum getraunum voru árið 2009 184.720 kr miðað við árin 2008 79.127 kr og 2007 761.933 kr. Eins og sjá má hefur orðið örlítill hækking á milli áruna 2009 og 2008 en tekjur eru ekki nálægt því þær sömu og þegar hæst bar árið 2007.

Getraunaleikur HSV er í gangi eins og staðan er núna og sér Boltafélag Ísafjarðar um leikinn. Vonandi ná þeir að rífa leikinn upp í nýjar hæðir og tekjur af getraunum fari að aukast á nýjan leik. Tekjur af getraunum snúast um að leikmenn sendi seðla sína inn til Íslenskra getrauna. Þegar það er gert er seðillinn sendur inn á númeri HSV nr 400 og fær HSV þá ákveðið hlutfall af þeirri sölu. Gríðalega miklir möguleikar eru á að auka tekjur aðildarfélaganna HSV í gegnum Íslenskar getraunir og er nauðsynlegt að öll íþróttafélög stuðli að því að fá fólk til að taka þátt í getraunarleiknum. Þó svo að Boltafélag Ísafjarðar sjái um leikinn þá renna tekjur af sölu til íslenskra getrauna til allra félaganna samkvæmt sömu úthlutunarreglum og gilda með lottótekjum. HSV hvetur öll félög, alla þá aðila sem koma að félögunum og alla aðra sem vilja íþróttafélögunum í bænum vel að spýta í lófana og reyna eftir bestu getu að efla getraunaleik HSV. Í eftirfarandi töflu má sjá greiðslur frá Íslenskum getraunum undanfarin ár.

	2006	2007	2008	2009
Íslenskar Getraunir	624.802	761.933	79.127	.184.720

Íþróttþing ÍSÍ 2009

Íþróttþing ÍSÍ var haldið á Hilton Hótel Nordica í Reykjavík 17. -18. apríl 2009. Þingið fór vel fram, var vel sótt og var góður andi yfir þinginu. Framkvæmdarstjóri HSV sat þingið fyrir hönd HSV. Engin hitamál lágu fyrir á þinginu og voru margar tillögur samþykktar. Mikið fór fyrir umræðu um kreppuna og hvernig hún myndi hafa áhrif á íþróttalífið í landinu. Meðal tillaga voru áskoranir á ríkisstjórnina og sveitarfélögin að styðja dyggilega við starf íþróttahreyfingarinnar. Einnig lág tillaga fyrir um áskorun á Menntamálaráðherra að íþróttabandalög fái bein fjárlög frá alþingi, en það hefur miður hefur það ekki gengið eftir hingað til.

46.sambandsþing UMFÍ

46. sambandsþing UMFÍ var haldið í Reykjanesbæ 10. -11. október. Á þinginu sátu fyrir HSV þau Jón Páll Hreinsson, Maron Pétursson, Kristján Þór Kristjánsson og Eyrún Harpa Hlynsdóttir. Þingið fór mjög vel fram og voru margar góðar umræður á þinginu. Fulltrúi HSV Eyrún Harpa Hlynsdóttir bauð sig fram til stjórnar en hún hefur verið í varastjórn UMFÍ. Eyrún fékk góða kosningu og náði sæti í aðalstjórn UMFÍ. Ný kjörin stjórn UMFÍ er Helga Guðrún Guðjónsdóttir, Björg Jakobsdóttir, Björn Ármann Ólafsson,

Einar Haraldsson, Örn Guðnason, Garðar Svansson og Eyrún Hlynsdóttir og í varastjórn voru kosin Ragnhildur Einarsdóttir, Haraldur Þ. Jóhannsson, Einar K. Jónsson og Gunnar Gunnarsson.

Landsmót 2009

26. Landsmót UMFÍ var haldið á Akureyri dagana 9.-12. júlí 2009. Um var að ræða sérstakt afmælimót þar sem 100 ár voru liðin frá því að fyrsta mótið var haldið og það einnig á Akureyri.

Á Landsmótinu var keppt í um 30 greinum, hefðbundnum íþróttagreinum sem og starfsíþróttum sem njóta jafnan mikilla vinsælda. Sjaldan eða aldrei hefur verið boðið upp á jafn glæsilega keppnisaðstöðu og á Akureyri enda eru íþróttamannvirki bæjarins afar glæsileg. Akureyrarbær réðst í það stórvirki að byggja nýjan íþróttaleikvang með stúku fyrir 1000 manns á svokölluðu Hamarssvæði sem einnig er kallað Þórssvæðið. Þessi leikvangur er klárlega einn sá allra glæsilegasti á landinu. Dagskrá mótsins var afar fjölbreytt, ekki síst menningar- og afþreyingardagskráin sem var fléttuð við keppnisdagskrána.

HSV sendi að sjálfsögðu lið til keppni og fór nokkuð af keppendum á landsmótið þó við myndum vilja sjá fleiri fara og væri gaman ef það væri hægt að ná upp meiri áhuga fyrir næsta móti sem verður á Selfossi 2013. Eins og greint var frá hér að ofan þá er keppt í um 30 greinum ásamt starfsíþróttum þannig að flestir ættu að geta fundið sér einhverja íþrótt til að keppa í.

HSV greiðir keppnisgjöld fyrir alla keppendur og setur upp sameiginlegt samkomutjald fyrir sína keppendur þar sem hægt er að setjast niður og borða, ræða málin og efla ungmennafélagsandann. Muurika panna var á staðnum fyrir þá sem vildu elda sér og alltaf heitt á könnunni. Keppendur frá HSV kepptu í blaki, bridds, knattspyrnu og sundi. Keppendur stóðu sig mjög vel. Blakliðin í karla og kvennaflokki stóðu vel fyrir sínu og náðu í 70 stig í stigakeppnina, Bridds liðið stóð sig mjög vel og endaði í 6. sæti og var um tíma í efsta sæti og fengu 50 stig. Lið HSV í knattspyrnu kvenna stóð sig einnig mjög vel og lenti í 3.sæti og fengu 80 stig fyrir þennan góða árangur. Tveir keppendur

Ársskýrsla HSV 2009

kepptu í sundi fyrir HSV og stóðu sig mjög vel og náðu í 49 stig. Heiðar Ingi Marinósson var í úrslitum í fjölmörgum sundgreinum og náði verðlaunasæti í nokkrum sundum.

Guðni Guðnason var aðalfararstjóri keppenda á leikunum og sá um að allt færi vel fram. Eru honum færðar bestu þakkir fyrir það.

Unglingalandsmót 2009

12. Unglingalandsmót UMFÍ var haldið á Sauðárkróki um verslunarmannahelgina 2009. Keppt var í 9 íþróttgreinum; frjálsíþróttum, glímu, golfi, hestaíþróttum, knattspyrnu, körfubolta, motocrossi, skák og sundi.

Þátttakendur hafa aldrei verið fleiri á Unglingalandsmótum en að þessu sinni, en um 1.500 keppendur skráðu sig til leiks. Gestir mótsins voru um 10.000 talsins.

Aðstaða til keppnishalds eins og Unglingalandsmóts UMFÍ á Sauðárkróki er einstaklega góð. Mikil nálægð keppnisstaða og tjaldsvæðis gerir framkvæmd og alla umgjörðina einstaka.

Á vegum HSV fóru rúmlega 40 keppendur en ásamt þeim fylgdu með foreldra og fjölskyldur margra keppenda. HSV hefur greitt niður helming af keppnisgjöldum keppenda ásamt því að sjá fyrir samkomutjaldi. Einnig var muurika þanna á staðnum sem hægt var að nota til að elda á.

Keppendur HSV stóðu sig gríðarlega vel og fengu fjölmörg verðlaun ásamt því að skemmta sér konunglega. Unglingalandsmót leggur einmitt meira upp úr skemmtun, þátttöku og almennu heilbrigði frekar en úrslitunum sjálfum. Unglingalandsmót er fjölskylduskemmtun án allra vímuefna og er góður kostur fyrir fjölskyldur og börn þeirra ef gera á verslunarmannahelgina skemmtilega og minnistæða.

Keppendur HSV kepptu í glímu, knattspyrnu, körfubolta, frjálsum íþróttum og sundi. Fóru keppendur með 58 verðlaunapeninga heim með sér og telst það frábær árangur. HSV hvetur alla krakka, unglunga og fjölskyldur þeirra að fjölmenna á 13.unglingalandsmót UMFÍ sem haldið verður í Borgarnesi.

Guðni Guðnason hefur haft veg og vanda að skipulagningu og umsjón með unglungalandsmótunum undanfarin ár og eru honum færðar bestu þakkir fyrir það góða starf.

Ýmsar upplýsingar

Lög HSV

Héraðssamband Vestfirðinga (HSV).

I. kafli: Heiti og sambandssvæði.

II. kafli: Aðild:

- a) Réttur til aðildar.
- b) Umsókn um aðild.
- c) Réttindi og skyldur aðildarfélaganna.

III. kafli: Markmið og hlutverk sambandsins.

IV. kafli: Héraðsþing:

- a) Hlutverk.
- b) Fulltrúar.
- c) Réttur til þingsetu.
- d) Dagskrá þingsins.
- e) Aukþing.

V. kafli: Stjórn:

- a) Skipun.
- b) Hlutverk.
- c) Formannafundur.

VI. kafli: Lagabreytingar.

kafli: Ýmis ákvæði

VIII. kafli: Gildistaka.

I. kafli. Heiti og sambandssvæði.

1. grein.

Sambandið heitir Héraðssamband Vestfirðinga. Skammstafað HSV. Sambandssvæðið er Ísafjarðarbær og Súðavíkurhreppur. Heimili og varnarþing er Ísafjarðarbær.

II. kafli. Aðild.

2. grein.

Réttur til aðildar.

Rétt til að vera í sambandinu hafa þau ungmenna og íþróttafélög, sem eru á sambandssvæðinu og hafa lög sín í samræmi við lög Íþrótt- og ólympíusambands Íslands og Ungmennafélags Íslands og starfa í anda þeirra.

3. grein.

Umsókn um aðild.

Félag sem óskar inngöngu í sambandið, skal senda skriflega umsókn til sambandsstjórnar HSV. ásamt lögum félagsins, skrá yfir stofnfélaga, félagsmenn og stjórn.

4. grein.

Réttindi og skyldur aðildarfélaga.

Félag öðlast ekki fulla aðild að sambandinu fyrr en sex mánuðum eftir að sambandsstjórn hefur samþykkt inngönguna, er staðfestast skal á héraðsþingi. Félagið hefur þó rétt til þátttöku í íþróttamótum.

5. grein.

Hverju aðildarfélagi innan HSV er skylt að skila starfsskýrslu eigi síðar en 1. apríl ár hvert. Starfsskýrslur skulu innihalda félagatal, iðkendatal, og ársreiknga. Í starfsskýrslum skal aðgreina meistaraflokk frá barna- og unglíngastarfi.

Verði vanhöld á skýrsluskilum er HSV heimilt að halda eftir styrkjum til viðkomandi félags skv. úthlutun. Geri viðkomandi félag ekki skil á starfsskýrslum fyrir 1. apríl annað árið í röð hefur stjórn HSV heimild til að taka viðkomandi félag af úthlutunarlista. Það fjármagn sem þegar hefur safnast upp skal renna til afreksmannasjóðs HSV.

HSV sér um að dreifa styrkjum til aðildarfélaga skv. innsendum starfsskýrslum. Styrkir þessir eru ein fjárframlög frá bæjarfélagi, Lottógreiðslur og greiðslur frá Íslenskum getraunum.

Styrkir skulu skipast á milli aðildarfélaga skv. eftirfarandi reiknireglu:

- 70 % miðast við fjölda iðkenda, yngri en 16 ára
- 20 % miðast við fjölda iðkenda 16 ára og eldri
- 5 % miðast við skráða féлага
- 5 % er skipt jafnt á félög

Lög aðildarfélaga sambandsins skulu staðfest af stjórn HSV svo og allar síðari lagabreytingar sem gerðar kunna að vera.

Aðildarfélög skulu skila ársskýrslu til HSV að loknum aðalfundi sínum hverju sinni.

III. kafli. Markmið og hlutverk sambandsins.

6. grein.

Markmið HSV. er að sameina íbúa héraðsins um að efla sjálfstæði Íslendinga. Markmiði sínu hyggst sambandið ná á eftirfarandi hátt:

- a) Að starfa í anda friðar, jafnréttis og menningarhugsjóna.
- b) Að vinna að útrýmingu skaðnautta og hafa samvinnu um bindindismál við bindindisfélög.
- c) Að vinna að náttúruvernd og bættri umgengni við landið.
- d) Að glæða með fólki áhuga fyrir verndun móðurmálsins og sögu þjóðarinnar.
- e) Að efla með fólki tryggð og rækt við heimili, áttaha og ætjörð.
- f) Að efla í hvívetna almenna fræðslu og uppeldisstarf.
- g) Að vinna að kynningu æskunnar á sambandssvæðinu og hjálpa félagsmönnum og öðrum æskulýð til aukins menningarþroska, m.a. með heilbrigðum skemmtunum og málfundastarfsemi.
- h) Að vinna að jafnrétti allra manna.
- i) Að vinna að öðru leyti samkvæmt stefnuskrá ÍSÍ og UMFÍ.

Hlutverk sambandsins er:

- a) Að hafa forystu íþróttamála innan héraðsins, efla samvinnu íþróttaiðkenda og vera fulltrúi þeirra gagnvart ÍSÍ og UMFÍ og öðrum héraðssamböndum.
- b) Að stjórna sameiginlegum íþróttamálum héraðsins og vera fulltrúi ÍSÍ og UMFÍ, en sérráð ef stofnuð eru fara með stjórn sérgreina mála innan héraðsins
- c) Að annast samstarf um íþróttamál við sveitar og bæjarstjórnir og aðra opinbera aðila innan héraðs.
- d) Að varðveita og skipta milli félaganna því fé sem til þess hefur verið veitt.
- e) Að aðstoða við skipulag, undirbúning og framkvæmd íþróttamóta í héraði
- f) Að hafa frumkvæði um eflingu íþróttastarfsins innan héraðs.
- g) Að staðfesta lög aðildarfélaga og fylgjast með því að starfsemi aðildarfélaga fari fram skv. gildandi lögum þeirra og íþróttahreyfingarinnar í heild.
- h) Að annast íþróttaleg sérmál, meðan þau eru ekki falin sérstökum ráðum.
- i) Að gangast fyrir stofnun sérráða, sé þess þörf
- j) Að gefa umsógn um íþróttamál, íþróttamannvirki o.s.frv.
- k) Að annast milligöngu um tryggingamál fyrir einstök félög eða sérráð, sé þess óskað.
- l) Að efla áhuga almennings fyrir líkamsmennt, með erindum eða annari fræðslu og örfa almenna þátttöku í íþróttaiðkun og í keppni um íþróttamerki.
- m) Að annast skýrslugerðir varðandi íþróttamál héraðsins.

IV. kafli. Héraðsþing.

7.

grein.

Hlutverk.

Sambandið skal árlega halda héraðsþing og skal það haldið í apríl ár hvert og til skiptis hjá sambandsfélögnum, um sambandssvæðið.

Þó getur sambandsstjórn ákveðið aðra tilhögun með héraðsþing, ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi. Þingið skal boðað með minnst mánaðar fyrirvara. Skriflegt fundarboð (síðara fundarboð) með dagskrá og upplýsingum um tillögur og mál sem leggja á fyrir héraðsþing skal senda aðildarfélögum með eigi minna en tveggja vikna fyrirvara.

8. grein.

Héraðsþing úrskurðar reikninga sambandsins, sem skulu miðast við almanaksárið. Það ræðir og gerir tillögur um starfsemi sambandsins. Ef deilur rísa milli félaga sambandsins, ber héraðsþingi að úrskurða um þær, nema deilumál og kærur sem fara ber með samkvæmt dóms- og refsíákvæðum ÍSÍ. Héraðsþing ákveður skatt félaganna til sambandsins.

Ársskýrsla HSV 2009

9. grein.

Fulltrúar.

Sambandsfélögin kjósa aðalfulltrúa og varafulltrúa á félagsfundum sínum, til að mæta á héraðsþingi, einn fyrir hverja 50, verði 25 umfram má kjósa einn fulltrúa fyrir það brot, gjaldskyldra félagsmanna 16 ára og eldri. Þó skulu fulltrúar aldrei vera fleiri en 9 frá sama félagi og aldrei færri en einn. Stjórnarmeðlimir sambandsins hafa atkvæðisrétt þótt þeir séu ekki kjörnir fulltrúar. Héraðsþing er lögmætt, ef löglega er til þess boðað.

10. grein.

Réttur til þingsetu.

Atkvæðisrétt á héraðsþingi hafa aðeins kjörnir fulltrúar þeirra félaga sem skilað hafa inn starfsskýrslum skv. 5. grein. Auk þess hefur sambandsstjórn atkvæðisrétt. Auk þeirra eiga rétt til þingsetu og hafa þar málfrelsi og tillögurétt:

- Fulltrúar ÍSÍ og UMFÍ.
- Fulltrúar sveitafélaganna á sambandssvæðinu.
- Skoðunarmenn reikninga.
- Starfsmenn sambandsins.

Auk þess getur sambandsstjórn boðið öðrum aðilum þingsetu. Aðeins sá sem er í félagi innan sambandsins er kjörgengur fulltrúi þess á héraðsþingi. Hver fulltrúi hefur eitt atkvæði. Allir þingfulltrúar með atkvæðisrétt skulu hafa kjörbréf.

11. grein.

Dagskrá þingsins.

Störf héraðsþings, sem er æðsti aðili Héraðssambands Vestfirðinga eru þessi:

- Þingsetning.
- Kosning fyrsta og annars þingforseta.
- Kosning fyrsta og annars þingritara.
- Kosning þriggja manna kjörbréfanefndar.
- Skýrsla stjórnar lögð fram.
- Endurskoðaðir reikningar lagðir fram.
- Ávörp gesta.
- Álit kjörbréfanefndar.
- Staðfesting á aðild nýrra félaga.
- Umræður um skýrslu stjórnar.
- Umræður og atkvæðagreiðsla um reikninga.
- Skipað í nefndir til starfa á þinginu: Kjörnefnd og aðrar nefndir ef þurfa þykir.
- Fjárhagsáætlun fyrir næsta ár lög fram.
- Laga- og reglugerðabreytingar lagðar fram.
- Aðrar tillögur lagðar fram.
- Nefndarstörf um framlagðar tillögur og önnur mál sem nefndir ákveða að taka fyrir.
- Afgreiðsla á áliti nefnda.
- Önnur mál.
- Kosningar,
 - Kosning formanns.
 - Kosning tveggja stjórnarmanna.
 - Kosning þriggja manna í varastjórn.
 - Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga og tveggja til vara.
 - Kosning til íþróttþings skv. lögum ÍSÍ á því ári sem íþróttþing er haldið.
 - Kosning til þings UMFÍ skv. lögum UMFÍ á því ári sem þing þess er haldið.
- Þingslit.

Ef lægsta atkvæðatala til að ná kosningu fellur á tvo eða fleiri, skal kjósa um þá á ný, bundinni kosningu. Verði þeir enn jafnir, ræður

hlutkesti. Einfaldur meirihluti ræður úrslitum nema um lagabreytingar sé að ræða.

12. grein.

Aukabing.

Aukabing skal halda ef nauðsyn krefur og ef helmingur sambandsaðila óskar þess. Allur boðunar- og tilkynningafrestur til aukabings má vera helmingi styttri en til reglulegs þings. Fulltrúar á aukabingi eru þeir sömu og voru á næsta reglulega þingi á undan og gilda sömu kjörbréf. Þó má kjósa að nýju í stað fulltrúa sem er látinn, veikur eða forfallaður á annan hátt. Á aukabingi má ekki gera laga- eða reglugerðabreytingar og ekki kjósa stjórn nema bráðabirgðastjórn, ef meirihluti kjörinnar aðalstjórnar hefur sagt af sér eða hætt störfum af öðrum orsökum eða stjórnin hefur að eigin dómi orðið óstarfhæf. Að öðru leyti gilda um það sömu reglur og um reglulegt héraðsþing.

V. kafli. Stjórn.

13. grein.

Skipun.

Stjórn sambandsins skipa 5 menn. Formaður skal kosinn sérstaklega til eins árs í senn. Aðrir stjórnarmenn skulu kosnir til tveggja ára, þó þannig að aðeins skal kosið um tvo árlega. Árlega skal kjósa þrjú menn í varastjórn og ennfremur tvo skoðunarmenn reikninga og tvo til vara. Formaður eða varaformaður aðildarfélags er ekki kjörgengur í stjórn sambandsins. Heimilt er stjórninni að skipa starfsnefndir sér til aðstoðar við sérstök verkefni eða ákveðna þætti starfsins, telji hún þess þörf.

14. grein.

Hlutverk.

Stjórnin stýrir málefnum sambandsins milli þinga og fylgist með starfsemi félaganna. Hún varðveitir sjóði sambandsins og aðrar eignir og leggur fram endurskoðaða reikninga á hverju héraðsþingi. Stjórn sambandsins svo og nefndir þess skulu halda gerðabók.

15. grein.

Formannafundur.

Eigi sjaldnar en á þriggja mánaða fresti skal stjórn HSV halda fund með formönnum félaga og sérráða eða fulltrúum þeirra, þar sem stjórnin skýrir störf sín og rædd verða viðfangsefni héraðssambandsins og aðildarfélaga þess.

VI. kafli. Lagabreytingar.

16. grein.

Tillögur til lagabreytinga skal leggja fram í upphafi þings og þeim síðan vísað til laganefndar. Tillögur til lagabreytinga skulu hafa borist sambandsstjórn 15 dögum fyrir sambandsþing og skulu þær þá sendar sambandsaðilum.

17. grein.

Héraðsþing getur breytt lögum þessum með 2/3 greiddra atkvæða, atkvæðisbærra fulltrúa á héraðsþingi.

VII. kafli. Ýmis ákvæði.

18. grein.

Í lögum allra aðila að héraðssambandinu skulu vera ákvæði um félagsslit, svo og um ráðstöfun eigna sambandsaðila.

19. grein.

Héraðssambandinu HSV. verður ekki slitið nema á héraðsþingi og þá aðeins, að 4/5 atkvæðisbærra fulltrúa þeirra, er rétt eiga til setu á þinginu sbr. 9. grein samþykki. Með slíkri samþykkt er störfum þessa þings tafarlaust lokið, en fráfarandi stjórn skal sitja áfram með fullu umboði. Skal hún boða til annars ársþings sex mánuðum síðar. Sé þá aftur samþykkt með 4/5 atkvæða atkvæðisbærra fulltrúa að slíta sambandinu, er sambandinu formlega slitið.

Skulu eignir sambandsins renna til nýrra heildarsamtaka íþróttafélaganna á sambandssvæðinu, í samráði við stjórnir ÍSÍ og UMFÍ. Gerðabækur sambandsins skulu varðveitast á Héraðsskjalasafni Ísafjarðabæjar.

20. grein.

Þrátt fyrir ákvæði í 19. grein, skal heimilt að stytta sex mánaða boðunarfrest til héraðþings ef um skipulagsbreytingar eða samruna er að ræða. Boðunarfrestur skal ákveðast af þinginu.

VIII. kafli. Gildistaka.

21. grein.

Lög þessi taka gildi við samþykki þeirra, enda reynist þau vera í samræmi við lög ÍSÍ og UMFÍ.

22. grein.

Allar breytingar á lögum sambandsins þurfa að hljóta samþykki stjórnar ÍSÍ og UMFÍ áður en þær taka að fullu gildi.

Þannig samþykkt á Héraðsþingi HSV á 29. degi aprílmánaðar 2001.

Forvarnarstefna HSV

Forvarnarstefna HSV

Mikilvægt er að Héraðssamband Vestfirðinga stuðli að því að forvarnarstefna sé til og virk innan íþróttafélaga sambandsins. Neysla vímuefna og íþróttir fara ekki saman og hefur skaðleg áhrif á árangur í íþróttum. Sýnt hefur verið fram á það í rannsóknum barna og unglunga að þeim ungmennum sem eru virk í íþróttastarfi reiðið betur af í daglegu lífi, standa sig vel í námi og neyta síður vímuefna.

Héraðssambandið vill hafa skýra afstöðu gegn neyslu vímuefna í tengslum við íþróttir og starf íþróttafélaganna. Héraðssambandið hvetur íþróttafélögin innan sambandsins að taka upp forvarnarstefnu gegn neyslu vímuefna. Þegar átt er við vímuefni er átt við neyslu áfengis, tóbaks og annarra vímuefna sem og neyslu hormónalyfja sem ekki eru tekin í lækningalegum tilgangi eftir tilvísun læknis.

Til að ná árangri í framkvæmd á þessu hefur Hérassambandið sett sér markmið.

Markmið:

Hvert og eitt félag skilgreini sitt fræðslu og forvarnastarf. Félögin eru sjálf ábyrg fyrir framkvæmd stefnunnar. Mikilvægt er að íþróttahreyfingin sé trúverðug í fræðslu- og forvarnarstarfi. Áfengis- og eða tóbaksneysla á ekki að eiga sér stað í tengslum við íþróttastarf, s.s.:

- Áfengissala í tengslum við íþróttakeppni.
- Áfengisneysla í lokahófum þar sem börn og unglingar eru á.
- Reykingar og munntóbaksneysla á íþróttasvæðum.
- Áfengisauglýsingar á eða við íþróttasvæði.

Íþróttafélög þurfa að skapa aðstæður svo öll börn og unglingar geti stundað íþróttir. Íþróttafélög setji sér reglur og/eða marki sér stefnu í forvarnarmálum samkvæmt stefnu ÍSÍ. Félög og deildir fræði börn og unglunga um skaðsemi vímuefna auk þess sem þau fræði sína ungu iðkendur um lyfjamál og bendi þeim á þær hættur sem geta fylgt lyfjanotkun.

STEFNUYFIRLÝSING ÍSÍ UM FORVARNIR OG FÍKNIEFNI.

Neysla áfengis, tóbaks eða fíkniefna á aldrei samleið með iðkun íþrótta og vill íþróttahreyfingin á Íslandi efla forvarnahlutverk sitt á eftirfarandi hátt:

Setja fram markvissa stefnu

- Hvetja íþrótta- og ungmennafélög til þess að festa í lög sín ákvæði þar sem tekin er einörð afstaða gegn neyslu á áfengi og fíkniefnum.
- Móta sameiginlegar starfsreglur um hvernig tekið skuli á fíkniefnavanda ungs fólks á vettvangi íþróttahreyfingarinnar og hvernig unnið skuli að forvörnum og gera öll íþróttamannvirki algerlega reyklaus.

Stuðla að aukinni og almennari þátttöku ungs fólks í íþróttastarfi

- Hvetja íþrótta- og ungmennafélög til þess að vinna markvisst að því að fjölga iðkendum íþrótta meðal barna og unglinga, m.a. með því að auka fjölbreytni í iðkuninni og tryggja þannig að öll börn og unglingar fái tækifæri til að stunda íþróttir í samræmi við eigin þarfir, getu og áhuga.
- Nýta mannvirki og aðstöðu íþróttahreyfingarinnar til að festa íþróttastarf í sessi sem raunhæfan valkost til skemmtunar fyrir unglinga, t.d. með því að bjóða upp á iðkun óhefðbundinna greina.
- Halda opin hús í íþróttamannvirkjum, eða efna til annars konar íþróttastarfs fyrir þessa aldurshópa þar sem meiri áhersla er lögð á að koma til móts við þarfir þeirra fyrir afþreyingu og skemmtun, en keppni og afrek.

Auka þekkingu á skaðsemi fíkniefna og forvörnum innan hreyfingarinnar

- Gefa út fræðsluefni um fíkniefni og forvarnir fyrir þjálfara og iðkendur og gera fræðslu um þessi málefni að föstum þætti í fræðslustarfi íþróttahreyfingarinnar og í íþróttanámi í framhaldsskólum
- Fela þjálfurum að fræða þá iðkendur sem þeir þjálfu um áhrif áfengis, tóbaks og fíkniefna á heilbrigði þeirra og árangur í íþróttum
- Hvetja sambandsaðila íþróttahreyfingarinnar til þess að fjalla um fíkniefni og forvarnir í málsgögnum sínum og ritum.

Úthlutunarreglur íbúða HSV

Úthlutunarreglur íbúða HSV

Almennar reglur.

Samningar við aðildarfélögin eru gerðir í maí og september ár hvert og skulu óskir um íbúðir vera sendar inn fyrir 1.janúar og 1.ágúst. Í umsókninni skal koma fram hversu margar íbúðir félagið óskar eftir, fyrir hvern íbúðin er ætluð þ.e. þjálfara/leikmenn eða hvortveggja og til hvers langs tíma félagið óskar eftir íbúðinni. Ekki er gerður samningur nema að hámarki eitt ár í senn nema í undantekningartilfellum. Hvert félag getur ekki verið með nema eina íbúð í leigu í einu í hámarksleigutíma. Ef svo ber undir gætu félög þurft að samnýta íbúð. Leiguíbúðir HSV eru ekki lausn á framtíðarhúsnæði íþróttafélaga og ber að líta á þær sem skammtímalausn fyrir þjálfara og leikmenn. Félag með íbúð í leigu ber fulla ábyrgð á skemmdum í íbúðinni. Horft verður til menntun þjálfara s.s. íþróttfræðingur, íþróttakennari og/eða með þjálfaramenntun.

Forgangsreglur

1. Fyrsti forgangsflokkur: Þjálfarar á barna og unglíngastigi.
 - a. Forgangur á þjálfurum á barna og unglíngastigi.
 - i. Ef félag hefur ekki aðra íbúð í leigu er það í forgangi.
 - ii. Nýting á þjálfara gefur forgang í íbúðina þ.e.a.s. er hann nýttur fyrir marga flokka og/eða árganga og fjölda iðkenda.
 - iii. Félag sem ekki hefur haft íbúð í tvö tímabil eða fleiri hefur forgang.
 - iv. Taka skal mið af æfinga og keppnistímabili íþróttarinnar.
2. Annar forgangsflokkur: Aðrir þjálfarar.
 - a. Forgangur á aðra þjálfara.
 - i. Ef félag hefur ekki aðra íbúð í leigu er það í forgangi.
 - ii. Taka skal mið af æfinga og keppnistímabili íþróttarinnar.
 - iii. Félag sem ekki hefur haft íbúð í tvö tímabil eða fleiri hefur forgang.
3. Þriðji forgangsflokkur: Leikmenn.
 - a. Forgangur vegna leikmanna.
 - i. Taka skal mið af keppnistímabili leikmanna.
 - ii. Ef félag hefur ekki aðra íbúð í leigu hefur það forgang.
 - iii. Félag sem ekki hefur haft íbúð í tvö tímabil eða fleiri hefur forgang.

Taka skal allar umsóknir fyrir á stjórnarfundum HSV og mun stjórnin taka ákvarðarnir um leiguíbúðir samkvæmt þessum reglum.

Aðildarfélög og formenn félaga árið 2009

Aðildarfélög HSV	Formaður
Blakfélagið Skellur	Sigurður Hreinsson
Boltafélag Ísafjarðar	Svavar Guðmundsson
Golfklúbbur Ísafjarðar	Tryggvi Sigtryggsson
Golfklúbburinn Gláma	Jóhannes Kristinn Ingimarsson
Hestamannafélagið Hending	Marinó Hákonarson
Hestamannafélagið Stormur	Nanna Björk Bárðardóttir
Íþróttafélagið Höfrungur	Sigmundur Þórðarson
Íþróttafélagið Ívar	Rúnar Arnarson
Íþróttafélagið Stefnir	Oddur Hannesson
Knattspyrnufélagið Hörður	Hermann Nielsson
Körfuknattleiksfélag Ísafjarðar	Ingólfur Þorleifsson
Skíðafélag Ísfirðinga	Jóna Lind Kristjánsdóttir
Skotíþróttafélag Ísafjarðar	Guðmundur Valdimarsson
Sundfélagið Vestri	Þuríður Vilmundardóttir
Sæfari	Örn Torfason
Tennis- badmintonfélag Ísafjarðar	Guðmundur E Kjartansson
Ungmennafélag Geisli	Hulda Gunnarsdóttir
Íþróttafélagið Grettir	Björn R.Gunnarsson

Ársskýrsla HSV 2009

Heiðursviðurkenningar HSV

Heiðursmerki HSV

Ingibjörg Jónasdóttir	Stefnir
Eva Sturludóttir.	Stefnir
Lilja Magnúsdóttir.	Stefnir

2002

Gullmerki:	Félag
Jón Kristmannsson	KFÍ
Óli M. Lúðvíksson	BÍ
Guðmundur Ágústsson	SFÍ
Gunnlaugur Jónasson	SFÍ
Hafsteinn Sigurðsson	SFÍ

Silfurmerki	Félag
Kristján Jóakims	Vestri
Sigrún Sigvaldadóttir	Vestri
Kristján Pálsson	BÍ
Þorsteinn Þráinsson	KFÍ
Harpa Björnsdóttir	Ívar
Hermann Nielsson	Hörður
Tryggvi Guðmundsson	GÍ
Steingrímur Guðmundsson	Stefnir
Anna Bjarnadóttir	Stefnir
Arnar Guðmundsson	Stefnir
Deborah Anne Ólafsson	Stefnir

Silfurmerki:	Félag
Guðjón Már Þorsteinsson	KFÍ
Óli Reynir Ingimarsson	KFÍ
Sigmundur F. Þórðarson	Höfrun.
Bergmann Ólafsson	SFÍ

2004

Gullmerki	Félag
Gylfi Guðmundsson	SFÍ
Kristján Rafn Guðmundsson	SFÍ
Páll Sturlaugsson	SFÍ
Halldór Margeirsson	SFÍ

2007

Silfurmerki	Félag
Baldur Ingi Jónasson	KFÍ
Halldór Sveinbjörnsson	Sæfara
Finnur Magnússon	HSV
Jens Magnússon	Skotís
Ari Hólmsteinsson	Skotís

Silfurmerki	Félag
Óskar Kárason	SFÍ
Þröstur Jóhannsson	SFÍ

2008

Gullmerki	Félag
Kristján Pálsson	BÍ

2005

Gullmerki	Félag
Björn Helgason	Íþróttaf.

Silfurmerki	Félag
Guðmundur Ásgeirsson	BÍ
Svavar Þór Guðmundsson	BÍ
Pétur Jónsson	BÍ

2006

Gullmerki	Félag
Guðbjörn Björnsson.	Stefnir
Eiríkur Jónsson.	Stefnir
Guðrún Guðjónsdóttir.	Stefnir
Helga Ásgrímsdóttir.	Stefnir
Sigrún Sturludóttir.	Stefnir
Aðalheiður Friðbertsdóttir.	Stefnir

2009

Gullmerki	Félag
Guðríður Sigurðardóttir	HSV
Rannveig Pálsdóttir	HSV
Hermann Nielsson	Hörður

Ársskýrsla HSV 2009

Íþróttaiðkendar aðildarfélaga HSV

Félag	Kvk-	Kvk=+	Kk-	Kk=+	Alls-	Alls=+	Alls
Blakfélagið Skellur	40	21	22	13	62	34	96
Boltafélag Ísafjarðar	52	11	81	15	133	26	159
Golfklúbburinn Gláma	4	8	7	41	11	49	60
Golfklúbbur Ísafjarðar	0	29	7	95	7	124	131
Hestamannafélagið Hending	3	28	6	27	9	55	64
Hestamannafélagið Stormur	14	20	11	25	25	45	70
Hörður Ísafirði	6	2	34	26	40	28	68
Íþróttafélagið Grettir Flateyri	28	0	12	0	40	0	40
Íþróttafélagið Höfrungur	21	18	31	1	52	19	71
Íþróttafélagið Ívar	1	10	3	8	4	18	22
Íþróttafélagið Stefnir	17	11	25	4	42	15	57
Körfuknattleiksfélag Ísafjarðar	49	9	60	40	109	49	158
Skíðafélag Ísafjarðar	63	54	62	82	125	136	261
Skottfélag Ísafjarðar	0	8	0	91	0	99	99
Sundfélagið Vestri	78	4	45	4	123	8	131
Tennis- og badmintonfélag Ísafj.	0	2	4	17	4	19	23
Umf. Geisli	5	7	10	88	15	95	110

Ársskýrsla HSV 2009

Skipting rekstrar, lottó og getraunartekjum aðildarfélaga HSV

Framlagi til aðildarfélaga 2010							
	Framlög			Skattur	Eftirstöðvar	Tryggingar	Samtals
	Ísafjarðarbær	Lottó	Getraunir				
B.Í.	303.208 kr.	461.775 kr.	25.229 kr.	-79.650 kr.	710.562 kr.	-90.270 kr.	620.292 kr.
G.Í.	101.434 kr.	143.482 kr.	8.440 kr.	-21.150 kr.	232.206 kr.	-23.970 kr.	208.236 kr.
Geisli	0 kr.	143.950 kr.	0 kr.	-23.550 kr.	120.400 kr.	-26.690 kr.	93.710 kr.
Gláma	60.960 kr.	88.459 kr.	5.072 kr.	-10.200 kr.	144.291 kr.	-11.560 kr.	132.731 kr.
Hending	60.653 kr.	87.429 kr.	5.047 kr.	-10.050 kr.	143.078 kr.	-11.390 kr.	131.688 kr.
Höfrungur	130.853 kr.	198.234 kr.	10.888 kr.	-43.350 kr.	296.625 kr.	-49.130 kr.	247.495 kr.
Hörður	110.815 kr.	166.715 kr.	9.221 kr.	-34.950 kr.	251.801 kr.	-39.610 kr.	212.191 kr.
Ívar	27.389 kr.	39.860 kr.	2.279 kr.	-6.900 kr.	62.628 kr.	-7.820 kr.	54.808 kr.
KFÍ	267.900 kr.	405.520 kr.	22.291 kr.	-70.650 kr.	625.061 kr.	-80.070 kr.	544.991 kr.
Skellur	153.902 kr.	232.443 kr.	12.806 kr.	-16.200 kr.	382.950 kr.	-18.360 kr.	364.590 kr.
SFÍ	358.056 kr.	535.559 kr.	29.793 kr.	-94.350 kr.	829.057 kr.	-106.930 kr.	722.127 kr.
Skotfélag	71.674 kr.	100.166 kr.	5.964 kr.	-18.450 kr.	159.354 kr.	-20.910 kr.	138.444 kr.
Stefnir	103.362 kr.	156.627 kr.	8.600 kr.	-19.200 kr.	249.389 kr.	-21.760 kr.	227.629 kr.
Stormur	86.873 kr.	128.574 kr.	7.228 kr.	-13.350 kr.	209.325 kr.	-15.130 kr.	194.195 kr.
TBÍ	27.250 kr.	39.583 kr.	2.267 kr.	-3.450 kr.	65.651 kr.	-3.910 kr.	61.741 kr.
Vestri	265.888 kr.	406.440 kr.	22.124 kr.	-49.800 kr.	644.651 kr.	-56.440 kr.	588.211 kr.
Grettir	89.784 kr.	137.204 kr.	7.471 kr.	-17.250 kr.	217.209 kr.	-19.550 kr.	197.659 kr.
Samtals	2.220.000 kr.	3.472.019 kr.	184.720 kr.	-532.500 kr.	5.344.239 kr.	-603.500 kr.	4.740.739 kr.

Íþróttamaður Ísafjarðarbæjar frá upphafi

Íþróttamaður Ísafjarðar og Ísafjarðarbæjar

Nafnalisti ártal og íþróttagrein

Guðmundur Jóhannsson	1980	skíðamaður
Einar Ólafsson	1981	Skíðamaður
Stella Hjaltadóttir	1982	skíðamaður
Einar Ólafsson	1983	skíðamaður
Ingólfur Arnarson	1984	sundmaður

Ársskýrsla HSV 2009

<i>Einar Ólafsson</i>	1985	<i>skíðamaður</i>
<i>Helga Sigurðardóttir</i>	1986	<i>sundmaður</i>
<i>Einar Ólafsson</i>	1987	<i>skíðamaður</i>
<i>Einar Ólafsson</i>	1988	<i>skíðamaður</i>
<i>Helga Sigurðardóttir</i>	1989	<i>sundmaður</i>
<i>Helga Sigurðardóttir</i>	1990	<i>sundmaður</i>
<i>Helga Sigurðardóttir</i>	1991	<i>sundmaður</i>
<i>Ásta S. Halldórsdóttir</i>	1992	<i>skíðakona</i>
<i>Daníel Jakobsson</i>	1993	<i>skíðamaður</i>
<i>Pétur Þór Gretarsson</i>	1994	<i>golfmaður</i>
<i>Ásta S. Halldórsdóttir</i>	1995	<i>skíðakona</i>
<i>Arnór Þ. Gunnarsson</i>	1996	<i>skíðamaður</i>
<i>Friðrik E. Stefánsson</i>	1997	<i>körfuboltam.</i>
<i>Sigríður B. Þorláksdóttir</i>	1998	<i>skíðakona</i>
<i>Ólafur Th. Árnason</i>	1999	<i>Skíðamaður</i>
<i>Katrín Árnadóttir</i>	2000	<i>Skíðakona</i>
<i>Heiðar Ingi Marinóson</i>	2001	<i>Sundmaður</i>
<i>Ólafur Th. Árnason</i>	2002	<i>Skíðamaður</i>
<i>Ólafur Th. Árnason</i>	2003	<i>Skíðamaður</i>
<i>Sigurður G. Þorsteinsson</i>	2004	<i>Körfuboltamaður</i>
<i>Jakob Einar Jakobsson</i>	2005	<i>Skíðamaður</i>
<i>Þórir Guðmundsson</i>	2006	<i>Körfuboltamaður</i>
<i>Sólveig G Guðmundsdóttir</i>	2007	<i>Skíðakona</i>
<i>Ragney Líf Stefánsdóttir</i>	2008	<i>Sundkona</i>
<i>Emil Pálsson</i>	2009	<i>Knattspyrnumaður</i>

Styrkir úr íþróttasjóði ríkisins 2009

Fjöldmörg af aðildarfélögum HSV sendu inn styrktarbeiðni til Íþróttasjóðs menntamálaráðuneytisins. Mörg góð og fjölbreytt verkefni voru send inn en eins og gengur og gerist þá fá ekki alltaf allir styrk en þá er bara að reyna aftur að ári og/eða senda inn fyrir önnur verkefni. Nokkur af aðildarfélögum HSV fengu styrk í ár.

Úthlutanir til aðildarfélag HSV úr íþróttasjóði árið 2009		
Umsækjandi	Styrkur	Ástæða
Íþróttafélagið Grettir	200.000	Grettis - Átak
Íþróttafélagið Ívar	250.000	Kaup á íþróttabúnaði
Íþróttafélagið Stefnir	250.000	Tækjakaup fyrir yngri flokkastarf
Knattspyrnufélagið Hörður	100.000	Átaksverkefni í handknattleik
Blakfélagið Skellur	250.000	Uppbygging á íþróttastarfi
	1.050.000	

Ferðasjóður ÍSÍ

Ferðasjóður ÍSÍ hefur gríðalega mikla þýðingu fyrir aðildarfélög HSV og hafa þau verið dugleg að sækja í sjóðinn, árið 2007 fengu aðildarfélögin úthlutað 975.571 kr, árið 2008 2.275.892 kr og árið 2009 2.248.554 kr. Mjög mikilvægt er að öll félög sendi inn í ferðasjóðinn fyrir þann ferðakostnað sem styrkhæfur er. Íþróttafélögin í landinu geta með þessu móti sýnt fram á það hversu gríðalegur kostnaður er fólgin í ferðalögum og geta því sýnt yfirvöldum það svart á hvítu hversu mikilvægur ferðasjóður ÍSÍ er og hversu mikilvægt er að styrkja hann í framtíðinni.

Félag	2008	2009
Körfuknattleiksfélag Ísafjarðar	470.757	539.158
Skíðafélag Ísafjarðar	139.515	146.408
Boltafélag Ísafjarðar	1.303.077	1.168.735
Íþróttafélagið Ívar	32.657	
Blakfélagið Skellur	47.559	151.970

Ársskýrsla HSV 2009

Umf. Geisli	40.865	
Sundfélagið Vestri	62.073	49.486
Hörður Ísafirði	179.389	192.797
	2.275.892	2.248.554

Fréttapunktur frá ÍSÍ

Íþróttaping ÍSÍ 2009

69. Íþróttaping ÍSÍ var haldið á Hilton Hótel Nordica dagana 17. og 18. apríl s. Þingið var afar vel sótt og gekk mjög vel fyrir sig. Þinggerð þingsins og samþykktar tillögur má lesa á heimasíðu ÍSÍ, www.isi.is. Næsta Íþróttaping ÍSÍ verður haldið árið 2011.

Stjórn ÍSÍ

Í framkvæmdastjórn ÍSÍ sitja eftirtaldir aðilar: Ólafur Rafnsson forseti, Lárus Blöndal varaforseti, Gunnar Bragason gjaldkeri, Helga Steinunn Guðmundsdóttir ritari, Hafsteinn Pálsson, Helga H. Magnúsdóttir, Friðrik Einarsson, Örn Andrésson, Sigríður Jónsdóttir, Jón Gestur Viggósson og Helgi Sigurðsson. Í varastjórn sitja Ingibjörg Bergrós Jóhannesdóttir, Þorgrímur Þráinsson og Gústaf A. Hjaltason.

Starfsfólk ÍSÍ

Framkvæmdastjóri ÍSÍ er Líney Rut Halldórsdóttir. Aðrir starfsmenn á skrifstofu ÍSÍ eru Halla Kjartansdóttir skrifstofustjóri, Andri Stefánsson sviðsstjóri Afrekssviðs ÍSÍ, Jóna Hildur Bjarnadóttir sviðsstjóri Almenningsíþróttasviðs ÍSÍ, Viðar Sigurjónsson sviðsstjóri Fræðslusviðs ÍSÍ, Berglind Guðmundsdóttir gjaldkeri, Örvar Ólafsson verkefnisstjóri, Þórarinn Alvar Þórarinsson verkefnisstjóri, Rúna H. Hilmarsdóttir umsjón með Felix og Linda Laufdal Jónsdóttir ritari. Auk þess hefur Kristín Lilja Friðriksdóttir verið í verkefnatengdum störfum fyrir ÍSÍ.

Íþróttamiðstöðin í Laugardal

Í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal eru höfuðstöðvar ÍSÍ og sérsambanda ÍSÍ, ásamt ÍBR, UMSK og fyrirtækja íþróttahreyfingarinnar, Íslenskrar Getspár og Íslenskra getrauna. Í Íþróttamiðstöðinni er góð aðstaða til fundarhalds og kaffitería, sem er hjarta miðstöðvarinnar.

Ferðasjóður íþróttafélaga

60 m.kr. voru til úthlutunar vegna ferða sem farnar voru á fyrirfram skilgreind mót á árinu 2009, samkvæmt samningi við mennta- og menningamálaráðuneytið. Samningurinn var gerður til þriggja ára (2007-2009) og hefur ekki verið endurnýjaður. Þó er Ferðasjóði íþróttafélaga úthlutað 57 m.kr. á fjárlögum 2010 en um 3 m.kr. skerðingu er að ræða frá framlagi ársins 2009. Raunar má segja að um 33 m.kr. skerðingu sé að ræða, sé tekið mið að samningnum sem gerður var við mennta- og menningaráðuneytið á sínum tíma sem tiltók að framlag til sjóðsins ætti að vera 90 m.kr. vegna ársins 2009. Stuðningur ríkisins vegna ferðakostnaðar íþrótt- og ungmennafélaga á landsvísu hefur haft gríðarlega mikið að segja fyrir alla hreyfinguna og í sumum tilfellum skipt sköpum þegar félög hafa staðið frammi fyrir ákvörðun um þátttöku í mótum. Íþróttahreyfingin þarf að standa vörð um þetta stóra hagsmunamál hreyfingarinnar og tryggja áframhaldandi framlag ríkisins til sjóðsins.

Fjármögnun sérsambanda

Árið 2006 var skrifað undir samning við ríkisvaldið um styrkveitingar til sérsambanda ÍSÍ. Markmiðið með samningnum er að aðstoða sérsambönd ÍSÍ til að efla og útbreiða viðkomandi íþróttagreinar á Íslandi og koma fram erlendisfyrir þeirra hönd. Upphæð styrksins var 40 milljónir á árinu 2007, 60 milljónir á árinu 2008 og 70 milljónir árið 2009. Framlag ríkisins til sérsambanda ÍSÍ fyrir árið 2010 er 63,7 en það er skerðing upp á 6,3 m.kr. frá framlagi 2009.

Ólympísk verkefni

ÍSÍ tekur þátt í 10 ólympískum verkefnum á hverri ólympíuöð, sem nær yfir fjögurra ára tímabil. Það eru tvennir Smáþjóðaleikar, tvær Vetrarólympíuhátíðir æskunnar, tvær Sumarólympíuhátíðir æskunnar, Sumarólympíuleikar og Vetrarólympíuleikar og Sumar- og Vetrarólympíuleikar ungmenna. Árið 2009 sendi ÍSÍ þátttakendur á Smáþjóðaleikana á Kýpur og á Vetrar- og Sumarólympíuhátíð æskunnar. Í ár eru það svo Vetrarólympíuleikarnir í Vancouver og Sumarólympíuleikar ungmenna í Singapore. Mikill undirbúningur er fyrir mörg þessara verkefna og er það Afrekssvið ÍSÍ sem ber þann undirbúning uppi.

Úthlutun sjóða

Á árinu 2009 úthlutaði Afrekssjóður ríflega 44,6 m.kr. og Styrktarsjóður ungra og efnilegra úthlutaði 10,1 m.kr. Verkefnasjóður ÍSÍ úthlutar á ári hverju styrkjum til fræðslu og útbreiðsluverkefna.

Almenningsíþróttir

Fjöldmörg verkefni eru á könnu Almenningsíþróttasviðs ÍSÍ árlega og má þar nefna Lífshlaupið, Hjólað í vinnuna, Göngum í skólann, Stafgöngudag og Kvannahlaup ÍSÍ. Þátttaka í þessum viðburðum hefur stórauðist með ári hverju og þátttökumet verið slegin svo um munar. Þátttaka héraðssambanda/íþróttabandalaga í kynningu á verkefnum sviðsins er ómetanleg.

Þjálfaramenntun

Fjarnám ÍSÍ um 1. stig þjálfaramenntunar hefur slegið í gegn á landsvísu. Í skoðun er að koma 2. stigi þjálfaramenntunar ÍSÍ einnig í fjarnámskennslu. Fyrirhuguð þjálfaranámskeið eru auglýst á heimasíðu ÍSÍ en allar upplýsingar má einnig nálgast hjá sviðsstjóra Fræðslusviðs ÍSÍ. Hádegisverðarfundir ÍSÍ stendur reglulega fyrir hádegisfundum í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal. Auglýsingar um hádegisverðarfundir ÍSÍ er að finna á heimasíðu ÍSÍ, www.isi.is

Fyrirmyndarfélag ÍSÍ

Fyrirmyndarfélag og fyrirmyndardeildir ÍSÍ eru nú ríflega 100 talsins. Komið hefur fram, hjá félögum sem hafa sótt um endurnýjun viðurkenningarinnar að fjórum árum liðnum, að viðurkenningin og sú vinna sem félag þarf að fara í gegnum við undirbúning umsóknar hafi haft afar jákvæð áhrif á starf félagsins, bæði fjárhagslega og stjórnunarlega. Sér sambönd, íþróttabandalög og héraðssambönd eru hvött til að leggja sitt af mörkum til að efla verkefnið og styðja félög sem stefna vilja að þessari gæðaviðurkenningu.

Lyfjamál

183 sýni voru tekin á árinu 2009, þar af 55 próf í verktöku fyrir aðila í íþróttahreyfingunni. 71 sýni var tekið í keppni og 57 utan keppni. Eitt jákvætt sýni fannst á árinu. Á Íþróttapingi ÍSÍ sl. voru samþykkt ný lög um lyfjamál sem taka mið af nýjum alþjóðalyfjareglum sem tóku gildi 1. janúar 2009.

Starfsskýrslur ÍSÍ

Sambandsaðilar eru minntir á að skila þarf starfsskýrslum til ÍSÍ fyrir starfsárið 2009 fyrir 15. apríl nk. Búið er að opna fyrir skilin á www.felix.is. Ítrekað er mikilvægi þess að félög skili inn skýrslum á tilsettum tíma því það auðveldar ÍSÍ að gefa opinberum aðilum nauðsynlegar upplýsingar um stærð og samsetningu íþróttahreyfingarinnar þegar leitað er úrlausna vegna ólíkra hagsmunamála hreyfingarinnar. Aðstoð er veitt á skrifstofu ÍSÍ vegna skila á starfsskýrslum.

Formannafundur ÍSÍ

Formannafundur ÍSÍ var haldinn í Íþróttamiðstöðinni í Laugardal föstudaginn 20. nóvember sl. Fundinn sátu formenn sérsambanda og séraðssambanda/íþróttabandalaga ásamt framkvæmdastjórn og starfsfólki ÍSÍ. Fundurinn gekk vel og var mæting mjög góð. Fyrr, þennan sama dag, hittust fulltrúar héraðssambanda og íþróttabandalaga á óformlegum fundi og ræddu ýmis sameiginleg hagsmunamál.

Felix - tölvukerfi ÍSÍ og UMFÍ

Felix - tölvukerfi ÍSÍ og UMFÍ heldur vel utan um tölfræði íþróttahreyfingarinnar en er einnig gott stjórnæki fyrir félög og deildir til að halda utan um iðkendur og stjórnir. Það hefur reynst flestum gagnlegt að hafa aðgang að upplýsingum um sitt fólk og uppfærsla við Þjóðskrá léttir allar uppfærslur á persónuupplýsingum. Með skráningum í Felix geta félögin fylgst náið með þróun iðkenda innan félags, m.a. aldurs- og kynjaskiptingu.

Íþróttaslysasjóður

Minnt er á að iðkendur og keppendur innan vébanda ÍSÍ geta sótt um endurgreiðslu á hluta af kostnaðarhluta sjúklings vegna lækniskostnaðs og kostnaðs vegna sjúkraþjálfunar vegna slysa sem þeir verða fyrir á æfingum og í keppni á vegum íþrótt- og ungmennafélaga innan ÍSÍ. Allar nánari upplýsingar er að finna á heimasíðu ÍSÍ.

Heimasíða ÍSÍ

Á heimasíðu ÍSÍ, www.isi.is, er að finna ýmsan hagnýtan fróðleik um ÍSÍ og sambandsaðila þess, auk fræðsluefnis af ýmsum toga, fréttu og tilkynningu um viðburði í hreyfingunni.

Fréttapunktur frá UMFÍ

Árið var í senn viðburðaríkt og gæfuríkt hjá ungmennafélagshreyfingunni. Þegar litið er um öxl má hreyfingin vera afar stolt og getur horft bjartsýnisaugum til framtíðar. Í okkar hraðfleyga þjóðfélagi, þar sem hlutirnir breytast fljótt, eru möguleikarnir endalausir.

Styrkur og máttur UMFÍ er mikill og þessi fjölmennu samtök munu hér eftir sem hingað til vinna að góðum málum fyrir land og þjóð. Hér verður stiklað á því helsta sem gerðist á árinu 2009.

26.Landsmót UMFÍ 2009

26. landsmót UMFÍ var haldið á Akureyri dagana 9. – 12. júlí 2009. Mótshaldarar voru í sameiningu Ungmennasamband Eyjafjarðar og Ungmennafélag Akureyrar. Um var að

ræða sérstakt afmælimót þar sem 100 ár voru frá fyrsta landsmótinu sem var haldið á Akureyri árið 1909.

Undirbúningsvinna var öll unnin skipulega, nefndarmenn skiptu með sér verkefnum og í góðu samstarfi við Akureyrarbæ var búin til glæsileg umgjörð sem var öllum til sóma.

Þátttaka á mótinu fór fram úr björtustu vonum en keppendur til stiga voru 1.475 talsins. Með kynningargreinum var þátttakan 1.940 einstaklingar, og allmargir tóku síðan þátt í öðrum viðburðum sem haldnir voru í tengslum við mótið, fyrirlestur, ráðstefnum, gönguferðum og fleiru. Aðstaða til keppni var mjög góð á Akureyri enda íþróttamannvirki þar til fyrirmyndar. Byggður var glæsilegur íþróttaleikvangur á Hamarssvæðinu sem var einn af kjörnum mótsins. Sjálf íþróttakeppnin hófst á fimmtudegi en setningarathöfnin var á föstudagskvöldinu. Margt góðra gesta mætti á athöfnina m.a. forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson. Gunnlaugur Júlíusson, hlaupari, lauk hlaupi sínu frá Reykjavík til Akureyrar á mótinu, en það var til styrktar Grensásdeild og skipulagt af UMFÍ.

Keppnin öll fór vel fram á mótinu enda voru eins og áður sagði allar aðstæður til fyrirmyndar. Veðrið hjálpaði líka til því um og yfir 20° hiti var alla mótisdagana, sól og blíðviðri. Á laugardagskvöldið var mikil dagskrá í miðbæ Akureyrar sem mörg þúsund manns sóttu og fór hún einstaklega vel fram.

ÍBA sigraði í heildarstigakeppni mótsins með 1.819 stig. Mótinu lauk upp úr hádegi á sunnudeginum en það var formaður UMFÍ, Helga Guðrún Guðjónsdóttir sem sleit mótinu með kveðjuávarpi.

12. Unglingalandsmót UMFÍ 2009

12. unglíngalandsmót UMFÍ var haldið á Sauðárkróki dagana 31. júlí – 2. ágúst. Undirbúningur þess var nokkuð sérstakur þar sem Grundfirðingar sem áttu að halda mótið féllu frá því í byrjun árs vegna aðstæðna í samfélaginu. Skagfirðingar sóttu um og fengu mótið en ljóst var að hendur þurftu að standa fram úr ermun þar sem tíminn var stuttur.

Unglingalandsmótsnefnd var skipuð og Ómar Bragi Stefánsson, landsfulltrúi UMFÍ starfaði sem framkvæmdastjóri mótsins nú sem undanfarin mót. Hjalti Þórðarson var ráðinn verkefnastjóri þess á vordögum.

Vel gekk að fjármagna mótið en aðalsamstarfsaðilar voru; Kaupfélag Skagfirðinga, Menntamálaráðuneytið, Lýðheilsustöð, Menningarráð Norðurlands vestra, Síminn, Prentmet, Coca Cola og Landsbankinn. Einnig voru nokkur sérsambönd samstarfsaðilar mótshaldara.

Ákveðið var að keppa í níu íþróttagreinum; frjálsíþróttum, golfi, glímu, hestaíþróttum, knattspyrnu, körfubolta, mótókrossi, skák og sundi. Öll íþróttastaða á Sauðárkróki er mjög góð og nánast allar keppnisgreinar í göngufæri. Tjaldsvæðið var einstaklega vel staðsett á Nöfunum, ofan við íþróttaleikvanginn. Sveitarfélagið Skagafjörður sá um að öll keppnisaðstaða væri tilbúin þegar flautað var til leiks og keppni hófst á föstudagsmorgni.

Setningarathöfn mótsins var á föstudagskvöldið og meðal gesta voru forsetahjónin. Kvöldvökur voru öll kvöld þar sem hljómsveitir stigu á stökk og skemmtu fjölmörgum þátttakendum. Auk hefðbundinnar íþróttakeppni var heilmikil og fjölbreytt dagskrá í boði bæði fyrir þátttakendur og aðra gesti mótsins.

Þátttaka á mótinu fór langt fram úr öllum áætlunum og setti töluvert strík í undirbúningsvinnu mótshaldara á síðustu metrunum. Stækka þurfti tjaldsvæðið umtalsvert og hugsa þurfti skipulag ýmissa keppnisgreina upp á nýtt. Yfir 1.500 keppendur skráðu sig til leiks og hafa keppendur aldrei verið fleiri á unglingslandsmóti UMFÍ.

Í heildina fór mótið allt vel fram. Keppendur voru til fyrirmyndar eins og allir gestir. Veðrið hefði mátt vera örlítið skárra en slapp þó fyrir horn ef svo má segja.

Mótsslit voru um miðnætti á sunnudagskvöldið. Helga Guðrún Guðjónsdóttir, formaður UMFÍ sleit mótinu og í kjölfarið kom stórglæsileg og tilkomumikil flugeldasýning sem lýsti upp mótssvæðið.

Skinfaxi

Skinfaxi, blað Ungmennafélags Íslands, fagnaði merkmum tímamótum í sögu blaðsins en 100 ár eru síðan fyrsta blaðið var gefið út. Frá því að fyrsta blaðið var gefið út í október 1909 hefur það verið gefið út óslitið, ekki fallið út einn árgangur, sem að öllum líkindum er einsdæmi um tímaritaútgáfu á Íslandi.

Á þessu tímabili hafa 25 einstaklingar komið að ritstjórn blaðsins en fyrsti ritstjórinn var Helgi Valtýsson kennari við Flensborgarskólann í Hafnarfirði. Skinfaxi kemur út fjórum sinnum á ári.

Frá upphafi hefur Skinfaxi verið öflugur málsvari ungmennafélagshreyfingarinnar, sambandsaðilanna og heildarsamtakanna. Markmiðið með útgáfu Skinfaxes hefur verið óbreytt í hundrað ár. Að segja fréttir og vera með frásagnir úr starfi ungmennafélaga og þeim verkefnum sem heildarsamtökin hafa haft forystu um eða unnið í samstarfi við aðra.

Stjórn UMFÍ hefur ákveðið að í tilefni af þessum tímamótum verði farið í samstarf við Þjóðarbókhöðuna um að skanna inn öll tölublöð Skinfaxes og í framtíðinni verða henni

send öll eintök af blaðinu á pdf-formi. Þannig varðveitist þessi sögulegi fjársjóður ungmennafélagshreyfingarinnar um leið eykst aðgangur almennings að þeim fróðleik sem þetta mál gagn hreyfingarinnar hefur vakið athygli á hverju sinni og gildi hans fyrir land og lýð.

Þrastaskógur

Mikið starf hefur verið unnið í Þrastaskógi hin síðustu ár og má í því sambandi nefna gróðursetningu og vinnu við göngustíga. Engin tjaldsvæði voru rekin í skóginum í sumar en engu að síður var hann vel sóttur af ferðafólki sem átti þar leið um. Uppbyggingarstarf mun halda áfram.

Flott án fíknar

Forvarnanefnd UMFÍ hefur haldið sex fundi síðan á síðasta þingi. Megináherslan hefur verið á að vinna nýja forvarnastefnu og framgang verkefnisins Flott án fíknar. Verkefnið Flott án fíknar hefur það að markmiði að fá ungt fólk til að virða landslög varðandi notkun á tóbaki og áfengi og sniðganga með öllu ólögleg vímuefni. Kynningar á klúbbastarfinu hafa haldið áfram í skólum, kennaraþingum og víðar.

Nýir klúbbar hafa bæst við og var klúbburinn í Ingunnarskóla tilnefndur til foreldraverðlauna sl. vor. Verkefnið var kynnt á málþinginu Árnámessu sem haldin var þann 14. mars á fæðingardeggi Árna Helgasonar til heiðurs minningu hans. Nokkru síðar var verkefnið kynnt fyrir starfsfólki menntamálaráðuneytisins við góðar undirtektir. Skemmtihelgi fyrir 16- 20 ára ungmenni var haldinn að Varmalandi í Borgarfirði í lok mars og kom ungmennaráð UMFÍ að skipulagningu helgarinnar.

Áfram verður unnið að útfærslu á verkefninu fyrir framhaldsskóla og verkefnisstjóri situr í nefnd um heilsuefningu og forvarnir í framhaldsskólum. Í byrjun júní voru send bréf til allra 10. bekkinga með hvatningu um að sniðganga áfengi og tóbak og minnt á mikilvægi þess að taka þátt í heilbrigðu félagsstarfi. Verkefnið hefur áfram fengið styrk úr Forvarnasjóði fyrir þetta ár.

Forvarnardagurinn

Forvarnardagurinn var haldinn í fjórða sinn 30. september 2009. Eins og áður var hann haldinn að frumkvæði forseta Íslands í samvinnu við Ungmennafélag Íslands, Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands, Bandalag íslenskra skáta, Samband íslenskra sveitarfélaga, Reykjavíkurborg, Háskólann í Reykjavík og Háskóla Íslands með fjárhagsstuðningi frá lyfjafyrirtækinu Actavis. Dagurinn var með sama hætti og áður þar sem nemendur 9. bekkja grunnskóla tóku þátt í verkefnavinnu sem snýr að samveru fjölskyldunnar, íþrótt- og æskulýðsstarfi og hvernig megi sniðganga áfengi sem lengst. Niðurstöður úr vinnu nemenda er hægt að skoða á heimasíðu Forvarnardagsins www.forvarnardagur.is. Fjöldahreyfingarnar þrjár sáu um að allir skólar fengju heimsókn og vel gekk að fá fólk úr hreyfingunni til heimsækja skóla á sínu svæði og öll samvinna var til fyrirmyndar.

Frjálsíþróttaskóli UMFÍ

Frjálsíþróttaskóli UMFÍ var haldinn í annað sinn í sumar og nú á sex sambandssvæðum. Borgarnesi, Sauðárkróki, Egilsstöðum, Laugum í Reykjadal, Höfn í Hornafirði og Þorlákshöfn. Styrkur fékkst frá Velferðarsjóði barna til að niðurgreiða þáttökugjöld um helming þannig að hver þátttakandi greiddi aðeins 10.000 krónur. Velferðarsjóður sá einnig fyrir gestakennara á öll námskeiðin og fór Þórey Edda Elísdóttir á flesta staði en Ásdís Hjálmsdóttir fór til Egilsstaða og Guðmundur Hólmar Jónsson fór á Höfn og var þeim öllum vel tekið.

Vel gekk að manna námskeiðin og alls staðar fengust faglærðir þjálfarar. Námskeiðin voru vel sótt, eða 124 þátttakendur í það heila en af þeim voru 39 í Borgarnesi sem var fjölmennasta námskeiðið. Auk þess að stunda frjálsar íþróttir var skipulögð dagskrá með leikjum, sundferðum, óvissuferðum og kvöldvökum.

ISCA

Aðalfundur International Sport and Culture Association (ISCA) var haldinn í Barcelona 23.-26. október 2008. Sæmundur Runólfsson, framkvæmdastjóri UMFÍ, sem á sæti í stjórn samtakanna, sótti fundinn ásamt Helgu Guðrúnu Guðjónsdóttur formanni UMFÍ.

ISCA hefur komið á fót sjö manna ungmennaráði og á UMFÍ einn fulltrúa þar. Alþjóðlegt námskeið í markaðssetningu viðburða var haldið í tengslum við landsmótið á Akureyri. Námskeiðið var haldið í samstarfi við ISCA þar sem styrkur fékkst frá EUF. Alls voru 25 þátttakendur og þar af þrír Íslendingar. Ólafur Ragnar Grímsson forseti Íslands tók þátt í umræðum í lok námskeiðs og gaf sér góðan tíma við góðar undirtektir.

Íþróttir eldri ungmennafélaga – FÁÍA

UMFÍ hefur verið í formlegu samstarfi við Félag áhugafólks um íþróttir aldraðra (FÁÍA) síðan árið 2001. Markmiðið er að efla íþróttir, leiki, félagsstörf, heilsufar, skemmtifundi og almenna lífsgleði fyrir eldri ungmennafélaga. Haldin var íþróttahátíð aldraðra 23. febrúar, bocciamót 18. apríl og námskeið í íþróttum, leikfimi, dönsum og dómgæslu í boccia 22.-23. ágúst á þessu ári. Stærsti viðburðurinn var þátttaka í landsmóti 9. – 12. júlí á Akureyri þar sem eldri borgarar tóku þátt í dönsum, boccia, pútti og ringó. FÁÍA stóð var fyrir kvöldverðarveislu fyrir þátttakendur þar sem mættu um 170 manns og skemmtu sér konunglega.

Leiðtogaskólinn

Fræðslunefnd UMFÍ hefur haldið níu fundi frá síðasta þingi. Áhersla hefur verið á að vinna samkvæmt nýrri fræðslustefnu UMFÍ undir heitinu Leiðtogaskólinn. Leiðtogaskólinn heldur utan um og skipuleggur námskeið hreyfingarinnar. Leitast er við

að hafa í boði góð og gagnleg námskeið fyrir félagsmenn. Í september var haldið leiðtoganámskeið á Egilsstöðum sem var hluti af námskeiðsröð sem ÚÍA skipulagði.

Meginþunginn þetta árið var á félagsmálanámskeiðin „Sýndu hvað í þér býr“ sem skipulögð voru í samstarfi við Bændasamtökin og Kvenfélagasamband Íslands. Frá októberbyrjun til maíloka voru haldin námskeið á þrjátíu stöðum víðsvegar um landið og þátttakendur á öllum aldri voru hátt í 700 talsins. Almenn ánægja var námskeiðin þóttu þau bæði lærdómsrík og skemmtileg. Margar fyrirspurnir hafa borist um námskeið á komandi vetri og unnið er að áframhaldandi skipulagningu.

Lýðháskólar

Ungmennafélag Íslands verður áfram í samstarfi við sex danska íþróttalýðháskóla sem fyrr þar sem styrkur hefur fengist fyrir yfirstandandi skólaár. Sækja þarf um styrk frá Nordpus Voksen á hverju ári. Í janúar heimsótti landsfulltrúi alla skólana og fékk góðar móttökur og var vel látið af íslenskum nemendum. Það sama mátti heyra á nemendum sjálfum sem telja þetta sína bestu reynslu og gott veganesti áfram út í lífið.

Á síðustu vorönn stunduðu tólf nemendur nám við lýðháskóla víðs vegar um Danmörku. Nú eru átta nemendur sem fá styrk frá UMFÍ og eru það allir sem sóttu um fyrir haustönnina en heldur hefur dregið úr eftirspurn eftir efnahagshrunið. Tvær umsóknir liggja fyrir um vorönn 2010. Hægt er að fá upplýsingar um skólana á heimasíðu UMFÍ þar sem einnig má finna umsóknareyðublað um styrk.

Ungmennaráð

Ungmennaráð hefur haldið níu fundi frá því það var endurvakið í nóvember. Ráðsfólk tók þátt í undirbúningi ráðstefnunnar Ungt fólk og lýðræði og áttu sæti í verkefnastjórn. Ungmennaráðið sat ráðstefnuna og tók virkan þátt og kynnti UMFÍ og sín störf.

Ráðið stóð fyrir skemmtihelgi að Varmalandi í Borgarfirði helgina 27. – 29. mars s.l. og buðu ungmennum frá 16 – 20 ára sem vilja skemmta sér án áfengis. Fulltrúar ráðsins hafa tekið að sér ýmis verkefni t.d. fór einn með landsfulltrúa á Árnámessu (forvarnarmálþing) í Stykkishólmi 14. mars þar sem hann sat í pallborði. Tvö tóku þátt í forvarnarfundum 24. mars í VMA á Akureyri ásamt landsfulltrúa en nemendur skólans kynntu þá nýjan klúbb fyrir nemendur sem vilja skemmta sér án áfengis.

Tveir fulltrúar sóttu temaseminar NSU, aðrir tveir leiðtogaskóla NSU á Grænlandi í júlí, og tveir sáu um fararstjórn í ungmennavíkunni í ágúst. Einn fulltrúi var í verkefnastjórn og starfsmaður viðburðarstjórnunarnámskeiðs ISCA og UMFÍ í tengslum við landsmótið á Akureyri í júlí og ein úr hópnum hefur tekið sæti í nýstofnuðu ungmennaráði ISCA. Fulltrúar úr ráðinu voru bæði á landsmótinu á Akureyri og unglíngalandsmótinu þar sem þeir kynntu sér hvernig ungmennaráðið gæti staðið að kynningarmálum UMFÍ á mótum.

Ungt fólk og lýðræði

UMFÍ hélt ráðstefnuna Ungt fólk og lýðræði 4.-5. mars s.l. á Akureyri sem tókst mjög vel. Ráðstefnan var haldin í samvinnu við Háskólann á Akureyri og með styrk frá Evrópu unga fólksins. Mikill áhugi var fyrir ráðstefnunni sem sjá mátti af aðsókninni. Þar voru um 80 þátttakendur en gert hafði verið ráð fyrir 60-70.

Menntamálaráðherra, Katrín Jakobsdóttir, setti ráðstefnuna og bæjarstjóri Akureyrar, Sigrún Björk Jakobsdóttir, sleit henni og lýstu báðar yfir ánægju sinni með framtakið og þátttökuna. Unnin var samantekt um ráðstefnuna og myndskreið sem komið er á heimasíðu UMFÍ og var sent út til allra þátttakenda, sveitarfélaga og félagasamtaka.

Æskan á óvissutímum

Æskulýðsvettvangurinn samanstendur af Ungmennafélagi Íslands, Bandalagi íslenskra skáta og KFUM og KFUK. Æskulýðsvettvangurinn í samstarfi við menntamálaráðuneytið og Æskulýðsráð stóð fyrir málþingum um allt land sem ætluð voru sem stuðningur við þá sem vinna með börnum og unglíngum.

Á málþingunum voru flutt erindi af völdum sérfræðingum um efnahagsmál, velferðarmál og mikilvægi æskulýðsstarfs. Málþingin gengu mjög vel og voru þau haldin í Reykjavík, Ísafirði, Akureyri, Egilsstöðum og Árborg.

100 ára afmælisýning landsmóta UMFÍ

Í tengslum við landsmótið á Akureyri var opnuð sögusýning á Amtsbókasafninu um sögu landsmótanna í hundrað ár. Uppistaðan í sýningunni var sögusýning sem sett upp í tengslum við landsmótið í Kópavogi fyrir tveimur árum, en þá var minnst 100 ára afmælis Ungmennafélags Íslands.

Til viðbótar þeirri sýningu var minnst sérstaklega þeirra landsmóta sem hafa farið fram á Akureyri árin 1909, 1955, og 1981. Auk sögulegra heimilda um landsmótin í 100 ár sýnir Héraðsskjalasafnið á Akureyri skjöl og önnur gögn um íþróttasögu Akureyrar.

Meistaradeild UMFÍ

Ungmennafélag Íslands og Landssamband hestamanna gerðu með sér samstarfssamning um að koma af stað keppni á landsvísu fyrir börn og unglínga á aldrinum 21-21 árs. Fyrirkomulag keppinnar var þannig að fyrst fór fram undankeppni þar sem 15 einstaklingar gátu áunnið sér keppnisrétt í úrvalsdeild UMFÍ og LH.

Fyrsta undankeppnin í meistaradeildinni fór fram 28. febrúar, önnur 21. mars en sú þriðja og síðasta 4. apríl og fóru þær allar fram í Rangárhöllinni á Hellu.

Hlaup Gunnlaugs, Reykjavík – Akureyri

UMFÍ skipulagði hlaup á milli Reykjavíkur og Akureyrar í tengslum við landsmót UMFÍ með Gunnlaugi Júlíussyni ofurhlaupara. Með hlaupinu vildi Gunnlaugur vekja athygli á

fjársöfnun fyrir Grensásdeild sem Edda Heiðrún Backman leikkona ýtti úr vör í sumar.

Verkefnið bar heitið „Á rás fyrir Grensás.“ Gunnlaugur var þar með fyrsti maðurinn til að taka á rás fyrir Grensás en fleiri muni bætast í hópinn þegar líður á sumarið. Hlaupið var jafnframt minningarhlaup um Jón H. Sigurðsson hlaupara frá Úthlíð. Gunnlaugur hljóp vegalengdina á sex dögum en hann lagði af stað frá útvarpshúsinu við Efstaleiti klukkan níu að morgni sunnudagsins 5. júlí, og lauk hlaupinu á mótssætningu landsmótsins á föstudagskvöldinu 10. júlí.

28. júlí var söfnunarféð afhent Hollvinasamtökum Grensásdeildar og Eddu Heiðrúnu Backman. Alls söfnuðust um sautjánhundrað þúsund krónur í þessari fjársöfnun fyrir Grensásdeild.

Göngum um Ísland

Í byrjun sumars kom út bókin „Göngum um Ísland,“ leiðabók með yfir 300 leiðarlýsingum og gönguleiðum víðsvegar um landið. UMFÍ hefur gefið samskonar bók út undanfarin ár og hefur henni verið dreift um land allt. Þessi bók er unnin í samstarfi við sambandsaðila UMFÍ en þeir hafa valið þær gönguleiðir sem í bókinni eru.

Vefurinn ganga.is var endurnýjaður fyrir ári síðan. Hann býður upp á gríðarlega mikla möguleika sem verið er að skoða en það var fyrirtækið Teikn á lofti sem vann að þessu verkefni með UMFÍ.

Fjölskyldan á fjallið

Þetta verkefni er unnið með sambandsaðilum UMFÍ en þeir tilnefna eitt eða fleiri fjöll á sínu svæði sem eru aðgengileg allri fjölskyldunni. Í upphafi voru gestabækur á fjallstoppum sem gestir skrifuðu nöfn sín í en nú er það mismunandi eftir sambandsaðilum, sumir halda gestabókunum við og endurnýja en aðrir ekki. 20 fjöll voru í bókinni „Göngum um Ísland“ að þessu sinni.

Gæfuspor

Árið 2008 fór verkefnið Gæfuspor af stað á fimm stöðum á landinu. Þetta er gönguverkefni eldri borgara þar sem þeir fara út að ganga hver á sínum forsendum. Verkefnið var unnið í samstarfi við Sparisjóðinn sem kom veglega að framkvæmd þess. Fyrirhugað var að halda áfram á þessu ári en ekki náðist að fjármagna verkefnið og því var ekki farið af stað með fleiri staði. Engu að síður er ýmsar hugmyndir í gangi um framhald verkefnisins sem er í alla staði áhugavert.

Ungmenna- og tómstundabúðirnar að Laugum

Ungmenna- og tómstundabúðirnar að Laugum eru fyrir nemendur í 9. bekk grunnskóla. Nær fullbókað hefur verið síðastliðið ár og hafa í heildina dvalið um 2000 nemendur yfir árið. Þeir hafa komið frá um 50 skólum víðs vegar af landinu. Margt skemmtilegt er gert

Ársskýrsla HSV 2009

Í búðunum, innan- og utan dyra og er námið byggt á leikjum, rökræðum, ferðum, kvöldvökum og samstarfi. Markmiðið með dvöl á Laugum er að auka sjálfstraust nemenda með þátttöku í félagsstarfi. Nemendur fá þjálfun í framkomu og tjáningu og öðlast þannig færni í félagsstörfum t.d. í nemenda- ungmenna- og skólaráðum.

Með þátttöku og þjálfun í félagsstörfum læra ungmennin tillitssemi, umburðarlyndi og ábyrgð. Mikil áhersla er á samfélagsþáttinn og samkenndina þannig að allir hafi tækifæri til að njóta sín á eigin forsendum. Við ungmenna- og tómstundabúðirnar starfa tíu manns og sjá þeir einnig um sundlaugina á Laugum sem er eina sundlaug byggðalagsins. Ungmenna- og tómstundabúðirnar á Laugum eru samstarfsverkefni UMFÍ og Dalabyggðar og er öll aðstaða þar hin ákjósanlegasta fyrir starfsemi af þessu tagi. Starfsemin á Laugum hefur vaxið og dafnað og er orðin þekkt um allt land. Nemendur og kennarar sem dvalið hafa í búðunum ljúka upp einum munni um ágæti þeirra og hversu undraverður árangur næst þar á einni viku.

NSU

Ýmislegt var í boði hjá NSU (Nordisk Samorganisasjon for Ungdomsarbeid) að vanda. Að jafnaði eru haldnir tveir fundir á ári innan NSU, að hausti og vori. Helstu verkefni á vegum NSU eru; Námsráðstefnur (temaseminar), Norræn ungmennavika og Leiðtogaskólinn auk aðkomu að mótum, eins og dráttarvélaakstri, plægingum o.fl.

Í maí á þessu ári fóru tveir drengir á vegum UMFÍ á temaseminar í Svíþjóð sem haldið var í tengslum við stjórnarfund NSU. Í júlí fóru tvær stúlkur á leiðtogaskóla í Grænlandi og í ágúst heldu sextán ungmenni til Noregs á Norræna ungmennaviku. Allir þátttakendurnir voru mjög ánægðir með ferðirnar og telja NSU bjóða upp á bæði gagnleg og skemmtileg verkefni. Með þátttökunni þróa ungmenni með sér vinskap til lengri tíma, efla hæfileika til samskipta og auka þekkingu sína á nágrannaþjóðum og afmörkuðum viðfangsefnum.

Skýrslur Aðildarfélagi HSV

Blakfélagið Skellur

Á síðasta aðalfundi tók ég þannig til orða, að árið 2008 yrði seint toppað í félaginu, það ár var reyndar alveg frábært ár, en ekki er hægt annað en að árið 2009 hafi slegið það út, að minnsta kosti ef mælt er út frá fjölda spilaðra leikja og árangurs í keppnum.

Starf í yngri flokkum er með sama sniði núna og síðasta vetur. Æfingar í krakkablaki á vegum félagsins er í tveimur bæjarkjörnum Ísafjarðarbæjar, á Suðureyri, og í báðum íþróttahúsunum á Ísafirði. Æfingarnar eru ætlaðar krökkum á aldrinum 6 til 14 ára og teljast 35 einstaklingar iðkendur.

Á síðasta ári var loks farið með krakkana í keppnisferðalög og var tekið þátt á þremur mótum.

Fyrsta ferðin var farin til Ólafsvíkur, þar sem 23 krakkar frá okkur kepptu í fimm liðum, á fyrsta, öðru og þriðja stigi. Óhætt er að segja að krakkarnir hafi staðið sig frábærlega í þessari frumraun sinni á alvöru mót og verið sér sjálfum og okkur öllum til sóma.

Næsta mót sem krakkarnir fóru á var Íslandsmót yngri flokka, sem fram fór á Akureyri. Sent var eitt lið og keppti það í 4. flokki, stig 5, en þá er spilað venjulegt blak með fullorðinsbolta.

Stóðu krakkarnir sig mjög vel, en þess má geta að 74 lið tóku þátt í þessu mót.

Þriðja mótið sem krakkarnir fóru á á síðasta ári var svo Íslandsmót 4. og 5. flokks og var það haldið í Neskaupstað. Tvö lið kepptu í hvorum aldurshóp og stóðu sig hreint frábærlega. Þess má geta að eitt aliðanna, vann alla sína leiki í riðlakeppninni og endaði í úrslitum, þar sem það beið lægri hlut fyrir margfalt reynslumeiri krökkum.

Full ástæða er því til bjartsýni fyrir seinni hluta Íslandsmótsins, sem fram fer seinna í vetur og almennt á stöðu krakkablaksins hér á landsmælikvarða.

Kvennalið Skells hefur verið þátttakandi á Íslandsmótinu í 3. deild í blaki í vetur og er þetta þriðji veturinn sem það er. Gríðarlegt keppnissskap og þrjúsku þarf til að standa í því að sækja fjölda móta um langan veg, í misjöfnum veðrum og keppa marga leiki á stuttum tíma. Árangurinn hefur verið nokkuð góður og var liðið um miðjann riðil, af tveimur, eftir fyrstu umferð í haust.

Konurnar okkar láta sér hinsvegar ekki nægja að keppa í þriðju deildinni, heldur eru þær einnig gríðarlega aðsópsmiklar í öldungablakinu.

Á öldungamótinu 2009, sem haldið var á Egilsstöðum og Seyðisfirði, spiluðu þrjú lið undir merkjum Skells, tvö kvennalið og eitt karlalið. Að auki félagið stóð félagið að einu karlaliði í samvinnu við Tálknfirðinga og fékk það lið fékk hið virðulega nafn Rassskellur. Kvennaliðin spiluðu í 6. og 7. deild öldunga kvenna, en karlaliðin spiluðu bæði í 5. deild öldunga karla. Skemmst er frá því að segja að árangur liðanna var til fyrirmyndar innan vallar sem utan. Afrakstur mótsins mælt í verðlaunum eru eitt gull og eitt silfur.

Þessu til viðbótar hefur félagið sent karla og kvennalið á nokkur hraðmót, með ágætum árangri og svo má þess að lokum geta að karla og kvennalið félagsins keppti undir merkjum HSV á landsmótinu á Akureyri, síðasta sumar, í blaki og einnig keppti kvennalið þar í strandblaki.

Þá má þess einig geta að í einni af umferðum Íslandsmótsins í Strandblaki, síðasta sumar, og fram fór á Þingeyri, keppti lið undir merkjum Skells. Var það frumraun félagsmanna í þeirri útfærslu íþróttarinnar og var árangurinn góður sé tekið mið af því. Segja má að innviðir félagsins séu að verða traustari með ári hverju. Undanfarin ár hefur félagið sent einstaklinga á námskeið til að treysta og efla þekkingu og getu félagsmanna. Á síðasta ári var fenginn kennari frá Blaksambandinu til að halda dómara námskeið. Átta einstaklingar tóku þátt í námskeiðinu og hafa nú öll fengið leyfi til að dæma í 3. deild og neðar.

Á síðasta aðalfundi var nokkrum félagsmönnum falið að endurskoða lög félagsins. Tók það heldur lengri tíma en til stóð, en er því nú lokið og verður sú vinna lögð í dóm ykkar á eftir.

Fjárhagur félagsins er góður og nokkuð stöðugur, þó svo að sjóðir hafi einhvað rýrnað frá fyrra ári, en gjaldkeri kemur betur inn á það hér á eftir. Ljóst er að með aukinni þátttöku í keppnum, eykst fjárförf félagsins en ávinningurinn er gríðarlegur félagslega og í allri hæfni, samspili og íþrótaanda.

Á þessum fallega degi er ég því mjög bjartsýnn á framtíð blaksins á þessu svæði og á áframhaldandi uppbyggingu félagsins.

Golfklúbbur Ísafjarðar

Stjórn Golfklúbbs Ísafjarðar:

Tryggvi Sigtryggsson, formaður,
Jens Andrés Guðmundsson, varaformaður,
Óðinn Gestsson, ritari,
Finnur Magnússon, gjaldkeri,
Guðjón Helgi Ólafsson, meðstjórnandi,
Oddný Bára Birgisdóttir, meðstjórnandi,
Óli Reynir Ingimarsson, meðstjórnandi.

Í varastjórn:

Kristján Ásgeirsson, Vihjálmur Matthíasson og Sigurður Ólafsson.

Félagsstarf

Á síðasta aðalfundi varð breyting á stjórn GÍ en úr stjórn áttu að ganga Grétar Sigurðsson, Finnur Magnússon og Óðinn Gestsson. Grétar Sigurðsson gaf ekki kost á sér áfram og í hans stað var kosinn í stjórnina Jens Andrés Guðmundsson.

Í upphafi vors var haldinn félagsfundur í klúbbnum eins og verið hefur undanfarin 2 ár þar sem starfið framundan var kynnt. Fjölmennt var á fundinum og góðar umræður um málefni klúbbsins

Golfvöllurinn var opnaður formlega 21. maí með Opnunarmóti með Texas-scramble leikfyrirkomulagi.

Stjórnarfundir voru fjölmargir á árinu og yfir sumarmánuðina voru vikulegir opnir stjórnarfundir alla miðvikudaga þar sem stjórnin eða hluti hennar kom saman.

Klúbbsfélögum fjölgaði lítillega á árinu og nú eru skráðir 160 félagar. Í gestabók klúbbsins eru skráð 5989 nöfn og er þetta töluvert fleiri iðkendur en s.l. ár. Í bókina eiga allir sem spila golf á Tungudalsvelli að skrá sig en nokkur brögð eru þó á því að fólk

gleymi að skrá nafn sitt í bókina þannig að raunverulegur fjöldi þeirra sem spila golf á Tungudalsvelli er væntanlega mun meiri.

Síðast liðið vor var gefið út fréttabréf GÍ sem borið var í öll hús í Ísafjarðarbæ nema á Þingeyri. Í því var kynnt starfsemi klúbbsins í sumar auk almennra upplýsinga um golfklúbbinn.

Í upphafi sumars var haldið þriggja kvölda byrjendanámskeið í golfi sem var ókeypis fyrir þátttakendur. Mjög mikil þátttaka var á námskeiðinu eða um 40 manns. Leiðbeinendur voru félagar í GÍ undir stjórn Rögnvaldar Magnússonar. Námskeiðið tókst mjög vel og margir þátttakendur skráðu sig í framhaldinu í klúbbinn og héldu síðan áfram í golfi í sumar. Ákveðið hefur verið að halda annað byrjendanámskeið næsta vor.

Opinn golfdagur var haldinn 19. júlí. Spilaðar voru þrjár brautir með vönum kylfingum og gestir fengu kynningu á golfreglum og golfsiðum. Deginum lauk með púttmóti og kaffiveitingum. Frekar fámennt var á þessum degi og spurning hvort ekki væri betra að sameina Opinn golfdag og námskeið fyrir almenning og hafa viðburðinn fyrr á sumrinu. Undanfarin tvö ár hefur GÍ farið þess á leit við GSÍ að fá dómarnámskeið hingað vestur. Í vor sótti GÍ, í samstarfi við GBO, um að halda dómarnámskeið hér fyrir vestan en þrátt fyrir að vel væri tekið í umleitan okkar varð ekki af námskeiðinu og fengust engar skýringar á því frá GSÍ. Lögð verður mikil áhersla á að dómarnámskeið verði haldið hér strax næsta vor. Undanfarin ár hefur GÍ ekki haft á að skipa golfdómara með héraðsdómara réttindi sem verður að teljast mjög bagalegt.

Verkefni í samvinnu við Ísafjarðarbæ

GÍ sá um tjaldstæðið í Tungudal eins og mörg undanfarin ár en Ísfjarðarbær ætlaði að yfirtaka reksturinn í ár. Ágreiningur var um hvort samningurinn væri útrunninn. Eftir samningaumleitanir við bæjaryfirvöld var gerður samningur til eins árs um reksturinn. Breyting varð þó á greiðslum þar sem fastagreiðslan frá bænum féll niður en á móti var fallist á að hækka gjaldskrána á tjaldstæðið. Mikil aðsókn var á tjaldstæðið í sumar og kom þá enn betur í ljós hvað aðstaðan á tjaldstæðinu er illa í stakk búin til að taka við svo miklum fjölda. Allmiklar neikvæðar umræður urðu í bæjarfélaginu um tjaldstæðið og fékk GÍ sinn skammt af þeim. Ísafjarðarbær hefur nú sagt upp samningum við GÍ um rekstur tjaldstæðisins svo ljóst er að klúbburinn rekur ekki tjaldstæðið næsta ár. Vonandi tekst bæjarfélaginu að bæta aðstöðuna á tjaldstæðinu svo að það verði bæjarfélaginu til sóma.

Aðrir samningar við bæjarfélagið voru um umhirðu á púttvöllinum við Hlíf og slátt á knattþyrnuvöllinum á Torfnesi. Þessir samningar koma til með að framlengjast á næsta ári.

Unglinga- og barnastarf

Unglinga- og barnastarf var mjög öflugt í sumar. Unglingaráð skipulagði æfingar tvisvar í viku fyrir börn og unglunga undir stjórn Rögnvaldar Magnússonar en gerður var samningur við Rögnvald um þjálfun næstu þrjú árin. Æfingar voru sameiginlegar með GBO. Lauk sumaræfingum með keppnis- og skemmtiferð barna til Reykjavíkur og þótti ferðin takast einstaklega vel (sjá nánari umfjöllun í skýrslu unglingaráðs).

Kvennastarf

Öflugt kvennastarf var í sumar á vegum kvennanefndar GÍ sem skipulagði golf á þriðjudögum fyrir konur sem eru að byrja í golfi og voru þessir tímar vel sóttir. Konum fjölgaði á árinu í klúbbum og fleiri stúlkur en áður stunda nú golfæfingar í barna- og unglingsstarfinu.

Mótahald

Mótahald var öflugt á árinu eins og undanfarin ár. Sjávarútvegsmótaröðin á Vestfjörðum hefur styrkt mótahald klúbbsins og voru Sjávarútvegsmótin sem haldin voru á vegum GÍ mjög vel sótt. Alls voru 525 þátttakendur í golfmótum á vegum GÍ sumarið 2009, fyrir utan þátttakendur í fimmtudagsskálamótum. Meistaramót GÍ var haldið dagana 10. – 12. júlí. Kepppt var í karla- og kvennaflokki. Erfitt reynist að fjölga þátttakendum í Meistaramótinu þó það ætti að vera keppikefli allra kylfinga klúbbsins að vera þátttakendur í mótinu og þannig er það í flestum golfklúbbum landsins. Meistarar Golfklúbbs Ísafjarðar árið 2009:

- 1. flokkur karla: Anton Helgi Guðjónsson.
- 2. flokkur karla: Einar Gunnlaugsson.
- 3. flokkur karla: Vilhjálmur Matthíasson.
- Öldungaflokkur: Hreinn Pálsson.
- Kvennaflokkur: Bjarney Guðmundsdóttir.

Eins og undanfarin ár fá þeir rétt til þátttöku í karlasveit GÍ í sveitakeppni 3. deildar sem skipa efstu fjögur sætin á Meistaramótinu. Sveitina í ár skipuðu Anton Helgi Guðjónsson, Högni Gunnar Pétursson, Magnús Gíslason, Sigurður Fannar Grétarsson og Þorsteinn Örn Gestsson. Liðsstjóri var Kristinn Krisjánsson. Sveitakeppnin fór að þessu sinni fram á Húsavík dagana 7. – 9. ágúst. Sveit GÍ lenti í fjórða sæti.

Framtíðarsýn

Þegar horft er til framtíðar þá er mikilvægt að styrkja félagsmenn í íþrótt sinni. Auka þarf aðstöðu félagsmanna til æfinga og gera þeim sem vilja möguleika á að stunda skipulagðar æfingar. Til dæmis. væri mjög auðvelt að æfa stutta spilið og skerpa á golfreglunum án mikils tilkostnaðar. Mikilvægt er að vera með mót fyrir börn- og unglunga til að þau fái tækifæri til að vaxa og þroskast í golfinu.

Lokaorð

Í skýrslu þessari hefur verið farið yfir starfsemi GÍ á liðnu starfsári. Stjórnarmönnum Golfklúbbs Ísafjarðar, varastjórnarmönnum, nefndarmönnum, starfsmönnum og félagsmönnum sem lögðu til vinnu er þakkað fyrir mjög góð störf á árinu. Félagsmönnum öllum eru þökkuð góð samskipti. Er von mín sú að með sameiginlegu starfi stjórnar og félagsmanna GÍ eigi klúbburinn eftir að vaxa og dafna í framtíðinni.

Skýrsla unglunga- og kennslunefndar árið 2009

Golfklúbbar Ísafjarðar og Bolungarvíkur áttu með sér samstarf um barna- og unglungastarf á liðnu starfsári. Sem fyrr var sameinast um kennara, Rögnvald Magnússon, og farið var í sameiginlega keppnis- og skemmtiferð.

Barna og unglungastarf

Sumarið 2009 var yngri aldursflokkum skipt í tvo aldurshópa vegna fjölda þátttakenda þ.e. 7 – 9 ára og 10 – 12 ára. Unglingar 13 - 18 ára voru svo saman á æfingum. Þátttaka var góð og í yngri hópnum stunduðu um 17 börn æfingar en 5 í þeim eldri. Þetta er svipuð þátttaka og árið áður.

Á æfingum er lögð áhersla á að ná tökum á leikhæfni, samhæfingu, reglum, leikskilningi, siðareglum og aga. Síðast en ekki síst er lögð áhersla á að þátttakendur fái notið þeirrar skemmtunar sem golfið er.

Börn sem stunda æfingar og greiða æfingargjald geta orðið fullgildir félagar í klúbbnum. Þetta er talið styrkja félagsvitund barnanna og klúbburinn þarf ekki að greiða gjald af þeim til GSÍ.

Æfinga- og keppnisferðir

Annað árið í röð fóru börn frá GÍ og GBO í keppnis- og skemmtiferð til Reykjavíkur og tóku þátt í mótarið barna á vegum GSÍ. Keppt var á Korpúlfsstaðavelli. Þau börn sem ekki tóku þátt í golfmótinu fengu að slá kúlur að vild í æfingarhúsi GR, Básun. Auk þátttöku í mótinu var farið í heimsókn á golfvöllinn í Borgarnesi. Ferðin tókst með ágætum og ekki annað að sjá en mikil ánægja væri meðal barnanna.

Eitt innanfélags mót var haldið fyrir börnin á golfvöllinum í Bolungarvík.

Sem fyrr var kannaður möguleiki þess að fara með unglunga í heimsókn til Golfklúbbsins Leynis á Akranesi og æfa og etja kappi við Skagamenn með dyggri aðstoð fyrrum félaga okkar Gylfa Sigurðssonar sem nú er framkvæmdastjóri Leynis. Illa hefur gengið að samræma tíma unglunganna og ekki hefur tekist að efna til þessarar ferðar.

Stefnt er að því að ná samvinnu við mótanefnd klúbbanna um að haga mótum sumarsins með þeim hætti að hægt verði að senda unglungana í sveitakeppni GSÍ næsta sumar.

Kennsla.

Klúbburinn hafði ekki forgöngu um að bjóða upp á einkakennslu golfkennara liðið sumar, en Rögnvaldur Magnússon tók þó að sér einhverja kennslu. Einnig var boðið uppá sérstaka kynningu og kennslu fyrir byrjendur. Þó nokkrir nýttu sér þessa þjónustu klúbbsins og verður án efa reynt að efla hana á næsta ári. Einnig verður kannaður á ný áhugi félagsmanna fyrir reglubundnum æfingum undir stjórn Rögnvaldar, líkt og gert var árið 2008.

Að lokum.

Stefnt er að áframhaldi á samstarfi við Bolvíkinga og Rögnvald á næsta ári. Stjórn barna- og unglunganefndar vill þakka þeim sem lagt hafa starfinu lið sem og Rögnvaldi Magnússyni fyrir gott samstarf.

Íþróttafélagið Grettir

Sumarið 2009 var haldið tveggja vikna sumarnámskeið og sá Pétur Björnsson um námskeiðið. 18 iðkendur sóttu námskeiðið.

1.september tekur Björn Gunnarsson við formennsku félagsins. Sótt er um styrk í íþróttasjóð Íslands fyrir tækjakaupum og fékkst 200.000 kr styrkur.

15.október er haldinn fundur um komandi námskeið og umræður um þjálfara. Námskeiðin byrjuðu 22.október og voru leiðbeinendur Jón Ágúst Þorsteinsson og þjálfari í frjálsum íþróttum var Jón Oddsson. Einnig er Hafður er frjáls tími fyrir foreldra og börn. Iðkendafjöldi hefur verið rúmlega 20 krakkar.

27.desember var ákveðið að ráða Martin Ashkenazy-Jones sem þjálfara hjá Gretti, einnig mun Nadia Ashkenazy-Jones koma að verkefnum hjá Gretti. Er mikill hugur í þeim hjónum og sótti Grettir um styrk í samstarfi við þau um margvíslegt verkefni s.s. vatnsleikfimi, sundkennslu barna, frjálsar íþróttir, ballett fyrir börn, starf fyrir eldri borgara, almennisíþróttir og margt fleira. Verkefnasjóður HSV samþykkti að styrkja okkur um 250.000 kr.

Íþróttafélagið Höfrungur

Frá áramótum 2008-2009 og fram í maí, voru bæði knattspyrnuæfingar og körfubolti. Þetta var tvisvar í viku og þá tímarnir samhlíða. Þarna var boðið upp á fría þjónustu og var því þátttaka frekar góð. Milli 30- 40 krakkar mættu í þetta, þó aðeins færri í körfuboltann. Þetta var í umsjá þáverandi skólustjóra Boga Ragnarssonar. Einnig var á þessum tíma boðið upp á krakkablak tvisar í viku. Þátttaka var aðeins dræmari frá því árið áður og þar sem um þjálfunarkostnað var að ræða má gera ráð fyrir að krakkarnir hafi valið sér fyrrnefndar greinar þar sem þjálfun var frí. 24 krakkar tóku þátt í þessari þjálfun, sem var í umsjá Þeirra Eyrúnar Hörpu Hlynsdóttur og Guðrúnar Snæbjargar Sigþórsdóttur. Þetta var einnig til vors eða þar til skóla lauk þá um vorið. Eftir það var krökkunum kennt í um það bil mánaðartíma á strandblaksvellinum, sem kom mjög vel út og um nýbreytni að ræða.

Íþróttaskólinn var á dagskrá alla laugardagsmorgna fyrri hluta ársins og var í umsjá þeirra Láru Dagbjörtu Halldórsdóttur og Láru Pétursdóttur.

Íþrótt og leikjanámskeið stóð yfir frá miðjum júní til loka júlí, eða í sex vikur. Það námskeið var í umsjá Gunnhildar Þorbjargar Sigþórsdóttur og hefur verið svo í mörg ár. Þátttaka var ekki eins góð og vonir stóðu til og má þar kannski kenna um erfiðum fjárhag foreldra. Rétt um tuttugu þátttakendur, sem er með því allra lélegasta sem hefur verið. Bæði var lítil vinna og algjörlega breytt landslag í þjóðmálum, sem hefur bein áhrif á þessi mál. Knattspyrnskóli Íslands var um miðjan júlí í umsjá Bjarna Stefáns Konráðssonar. Þar var sama sagan uppi á teningnum, þátttaka ekki eins góð og greinilegt að eitthvað var breytt. Þó tóku um þrjátíu krakkar þátt og skólinn góður sem fyrr. Algjörlega frábær skóli og fagmannlega unninn.toppskóli! Um eiginlega unglingsþjálfun er svo ekki að ræða fyrr enn Grunnskólinn var kominn á fulla ferð eða í

byrjun október. Þá hófust aftur reglubundnar æfingar í knattspyrnu á vegum Júlíusar Arnarssonar nýráðnum íþróttakennara við Grunnskólann á Þingeyri. Þessar æfingar voru tvisar í viku og þá fjóra tíma í senn. Það er aldurskipt. Í þetta mættu 21-23 krakkar og greinilegt að færri tóku þátt. Það er eðlilegt þar sem mikil fækkun nemenda varð í Grunnskólanum. Bæði komu færri nýir inn og þetta sama gamla, nokkrir fluttu. Og til hvers ég bara spyr ? Einnig hófs kennsla í krakkablaki á sama tíma í umsjá Guðrúnar Snæbjargar Sigpórsdóttur, þ. e. tvisar í viku fjóra tíma í senn og aldurskipt. Þátttaka varð líka aðeins minni þar eða rétt tæplega tuttugu.

Vegna lokunar íþróttamiðstöðvar var þessu dálítið samþjappað og ekki hægt að segja annað en að íþróttahúsið hafi verið vel nýtt. Lokað var þó á föstudögum eftir hádegi og algjörlega lokað á laugardögum. Því var enginn íþróttaskóli seinni hluta ársins. Aðeins boðið upp á opið hús á sunnudögum og var það illa nýtt. Stundum erfitt að breyta. Að framan sögðu má sjá að krakkarnir hér hafa nóg við að vera og er svo Grunnskólinn með mikla og öfluga íþróttakennslu þar fyrir utan. Það sem ég þó er óánægður með er lokun íþróttamiðstöðvar á laugardögum. Það finnst mér alveg út í hött. Um eiginlega reglubundna aðra þjálfun var ekki að ræða, en fjölmargt annað í gangi á vegum félagsins, sem allir tóku þátt í. Bæði fullorðnir og börn.

Fyrir hönd Íþróttafélagsins HÖFRUNGS

Sigmundur F. Þórðarson

Íþróttafélagið Ívar

Styrkir og fjáraflanir

Fjáraflanir

Fyrirtækjamót Ívars – Haldið í október ár hvert. Met þátttaka og komust færri lið að en vildu.

Jóla kortasala – Jólakort seld í nóvember og desember í Bolungarvík og á Ísafirði.
Dósasöfnun. Fáum gefins dósir af fiskveiðiskipinu Júlíusi Geirmundssyni. Flokkum þær og teljum og komum þeim í endurvinnslu.

Styrkir

Styrkir frá Lions á Ísafirði og Gunnvöru

Styrkur frá Íþróttasjóði menntamálaráðuneytis til kaupa á keppnisboltum í Boccia.

Starfsemin

Æfingar og keppni

Boccia

Íslandsmót í sveitakeppni í Boccia. Haldið í mars. Haldið í Reykjavík

Halldórs Högna mótið haldið á Þingeyri maí 2009

Íslandsmót í sveitakeppni í Boccia á Selfossi október 2009

Magnúsarmótið í Boccia nóvember 2009 Haldið á Þingeyri

Æfingar eru 2 sinnum í viku, á miðvikudögum og föstudögum

Þjálfari: Viktoría Kristín Guðbjartsdóttir og Jónas Leifur Sigursteinsson

Ársskýrsla HSV 2009

Sund

Íslandsmót í sundi í 50 metra laug. Haldið í mars 2009 í Reykjavík
Íslandsmót í sundi í 25 metra laug. Haldið í nóvember 2009 í Reykjavík
Evrópumeistaramót í sundi. Haldið í Reykjavík í október 2009. Ívar átti einn fulltrúa
2 sundmenn sem eru landliðsvali ÍF. 2 æfingaferðir á árinu.
Æfingar eru 3 sinnum í viku.
Þjálfari er Jóna Dagbjört Pétursdóttir

Frjálsar Íþróttir

Ívar átti einn fulltrúa á Íslandsmóti ÍF í frjálsum íþróttum. Haldið í Kópavogi í Júní

Skíði

Stjórn Ívars styrkti Birnu Jónasdóttur á námsskeið í vetraríþróttum fatlaðra sem var haldið í Hlíðarfjalli á Akureyri.

Stjórn Ívars

Rúnar Arnarson, formaður
Valdís Eiríksdóttir, varaformaður
Gylfi Þór Gísladóttir, gjaldkeri
Margrét Jónsdóttir, ritari
Sveinbjörg Sveinbjörnsdóttir, meðstjórnandi
Harpa Björnsdóttir, meðstjórnandi

Fundir

Haldnir voru 7 stjórnarfundir auk tveggja undirbúningsfunda vegna fyrirtækjamótsins. Aðalfundur félagsins var haldin í lok maí. Þar lét Harpa Björnsdóttir af störfum sem formaður eftir 15 ára farsælt starf og Rúnar Arnarson tók við.

Íþróttafélagið Stefnir

Aðalfundur Stefnis var haldinn í kaffisal Félagsheimilisins mánudaginn 8.mars 2010 og er ný stjórn félagsins þannig skipuð:

Svava Rán Valgeirsdóttir	formaður (nýkjörinn)
Þorgerður Karlsdóttir	gjaldkeri (endurkjörinn)
Snorri Sturluson	ritari (endurkjörinn)
Þorleifur Sigurvinsson	meðstjórnandi (endurkjörinn)
Arnar Guðmundsson	varaformaður (nýkjörinn)

Formannaskipti urðu á árinu en Sturla Páll Sturluson var formaður til haustsins og lét þá af embætti , við tók varaformaðurinn Oddur Hannesson og gengdi hann embætti formanns fram að aðalfundi í mars sl.

Íþróttastarf félagsins 2009

Íþróttaskóli fyrir börn á aldrinum 2-5 ára var haldinn sl ár, 10 tímar alls þ.e 5 skipti í mars og 5 skipti í nóvember. Umsjónarmaður Arnar Guðmundsson

Fótboltaæfingar voru á vegum félagsins tvisvar í viku , 60 mín í senn . Samstarf við Geisla í Súðavík og UMFB í Bolungarvík hefur verið undanfarin ár í fótboltanum og hafa Stefnis börn farið á fótboltamót undir sameinuðu liði þessara félaga . Þjálfari Stefnis Arnar Guðmundsson
Farið var á Smábæjarleikana á Blönduósi , BÍ mót og Shell mótið í Bolungarvík.

Frjálsar íþróttir fyrir börn á grunnskólaaldri voru einu sinni í viku.Þjálfari Arnar Guðmundsson

Körfulbolta æfingar fyrir 13 ára – 18 ára hófust á haustönn 2009 , einn tími í viku . Þjálfari Dominik Bochra.

Fjölskyldutími Stefnis er tvisvar í viku , sunnudaga og þriðjudaga 60 mín í senn . Þessir tímar eru hugsaðir fyrir foreldra að mæta með börnum sínum í íþróttasalinn og hafa gaman saman í skemmtilegri hreyfingu.

Spinning kennsla hóf innreið sína í Súgandafjörð á liðnu ári en íþróttafélagið stóð fyrir námskeiði fyrir 15 ára og eldri . Þriggja mánaða spinningnámskeið var á vorönn, kennt var 3 tíma í viku 60 mín í senn með góðri þáttöku . Framhaldsnámskeið hófst svo í september - desember 2009 sem svipuðum fjölda en yfirleit voru 10- 14 hjól í notkun í hverjum tíma. Þjálfari Sturla Páll

Íþróttafélagið Stefnir stendur árlega fyrir hreinsun innanbæjar á Suðureyri með þáttöku félagsmanna jafnt barna sem fullorðinna og fer sú hreinsun jafnan fram í júní byrjun ár hvert.

Leikjanámskeið var í boði sumarið 2009 en félagið fékk Stellu Hjaltadóttir til að vera með leikjanámskeið fyrir börn á aldrinum 7- 14 ára. Þátttakan fór fram úr björtustu vonum félagsins en aldrei hafa þessi námskeið verið eins fjölmenn og sl sumar.

Sundnámskeið var einnig haldið undir handleiðslu Stellu og var það tvískipt , annars vegar leikskólabörn á aldrinum 2-5 ára og svo börn á aldrinum 6-12 ára.

Farið var í 2-3 fjallgöngur á vegum félagsins sumarið 2009 með leiðsögumanni og stefnt er að því að ganga á fleiri fjöll í framtíðinni.

Íþróttafélagið Stefnir og Foreldrafélag Grunnskóla Suðureyrar heldur sameiginlega skemmtun fyrir börnin á Öskudaginn í Félagsheimilinu en þar er kötturinn sleginn úr tunnunni og dansleikur í framhaldinu. Allir mæta í grímubúningum og skemmta sér hið besta.

Fastur liður í starfi félagsins er víðavangshlaup Stefnis 17.júní ár hvert og var engin undantekning á því þetta árið.

Fjáraflanir 2009

Stefnir tók þátt í hreinsun á fjörum Súgandafjarða frá Brjót að grindahliði en það er liður í verkefnasamningi við HSV.

Félagið er með sölu á grilluðum pylsum og selur drykki á Sæluhelginni ásamt ýmsum varningi merktum félaginu.

F.h Stjórnar Stefnis

Þorgerður Karlsdóttir gjaldkeri

Knattspyrnufélagið Hörður

Eftirtaldir voru kjörnir í framkvæmdastjórn, varastjórn og aðalstjórn á Aðalfundi félagsins sem haldinn var í Edinborgarhúsinu 1. apríl 2009. Einnig var kosið í stjórnir deilda en formenn deilda eiga sæti í aðalstjórn samkvæmt nýjum lögum sem samþykkt voru á fundinum.

ramkvæmdastjórn:

Hermann Níelsson formaður
Guðný Hólmgeirsdóttir gjaldkeri
Marínó Hákonarson ritari.

Í varastjórn:

Elfar Reynisson
Auður Aradóttir
Atli Freyr Rúnarsson

Stjórn Glímudeildar:

Rúnar Brynjólfsson formaður
Berglind Árnadóttir ritari
Sigurður Bjarki Guðbjartsson meðstjórnandi

Stjórn Handknattleiksdeildar:

Jón Sigmundsson formaður
Atli Freyr Rúnarsson
Kristján K. Júlíusson.

Stjórn júðódeilddar:

Stígur Berg Sophusson formaður
Daníel Þór Þorsteinsson
Jóhann Guðmundsson

Stjórn Taekwondódeildar:

Elías Skaftason formaður
Dagný Viggósdóttir
Ingibjörg Jónsdóttir.

Endurskoðendur reikninga:

Jens Kristmannsson

Óskar Kárason

Afmælisnefnd vegna 90 ára afmælis félagsins:

Hermann Níelsson

Guðný Ragnheiður Hólmgeirsdóttir

Marínó Hákonarson

Jens Kristmannsson.

Fyrsta verk nýkjörinnar stjórnar var að boða til fundar með öllum þeim einstaklingum sem kjörnir voru til ábyrgðarstarfa fyrir félagið og ræða væntanlegt afmælishátíðarhald á 90 ára afmæli félagsins 27. maí 2009.

Stjórnir deildanna tóku að sér að skipuleggja umfjöllun um hverja grein fyrir sig í væntanlegu afmælisriti sem ritstýrt var af formanni félagsins.

Blaðið ber íprótta- og æskulýðsstarfi ksf. Harðar fagurt vitni og staðfestir það öflugna og blómlega starf sem unnið er á vegum deilda félagsins.

Sjálf afmælishátíðin stóð í þrjú heila daga, var glæsileg á allan hátt enda lögðu fjölmargir félagsmenn sig fram um að gera afmæli félagsins að stórviðburði í sögu þess. Vísast í því sambandi til dagskrár hátíðarinnar sem birtist á baksíðu afmælisblaðsins sem dreift er á Aðalfundinum.

Haldnir voru ótal vinnufundir og margir kallaðir til starfa við undirbúning afmælishátíðarinnar. Það væri allt of langt mál að tíunda framlag og hlutverk hvers og eins en óhætt er að fullyrða að með samstilltu átaki og óeigingjörnu framlagi fjölda félagsmanna hafi framkvæmd hátíðarinnar verið kraftaverki líkast og félaginu og félagsmönnum til sóma.

Til er fjöldi ljósmynda sem teknar voru af öllum viðburðum sem fram fóru og verða þær sýndar hér á Aðalfundinum sem viðbót við skýrslu stjórnar og deilda.

Jafnframt var tekin heimildamynd af flestum atriðum afmælisins sem varðveitt verður ásamt ljósmyndum sem sögulegar heimildir fyrir seinni kynslóðir Harðverja.

Haldnir voru tveir stjórnarfundir í upphafi vetrarstarfsins s.l. haust og rætt um þjálfaramál, æfingar, keppnisferðir og fjáraflanir deildanna.

Skýrslur deilda:

Taekwondó deild Harðar

Eftirtaldir voru kjörnir í stjórn Taekwondodeildar Harðar á aðalfundi 2009.

Elías Skaftason formaður

Dagný Viggósdóttir

Ingibjörg Jónsdóttir

Hjalti Leifsson sem verið hefur þjálfari deildarinnar undanfarin þrjú ár með frábærum árangri flutti úr bænum í maí 2009 og hætti þar með störfum sem Taekwondó þjálfari félagsins. Honum eru færðar miklar þakkir fyrir hans frumkvöðlastarf fyrir félagið.

Hinir ungu iðkendur þessarar sjálfsvarnariþróttar sem ættuð er frá Kóreu sýndu íþrótt sína á afmælishátíð félagsins sem þótti takast frábærlega vel.

Haldin voru beltapróf á starfsárinu sem Master Sigursteinn Snorrason stjórnaði.

Ársskýrsla HSV 2009

Í september var nýr þjálfari ráðinn til félagsins Sigurður Óli Ragnarsson frá Akureyri sem æft hafði með félaginu veturinn áður þegar hann dvaldi á Ísafirði. Hann hætti störfum í byrjun desember og eru honum færðar þakkir fyrir frábært starf þann tíma sem hann starfaði við þjálfun hjá félaginu.

Í lok árs var Sindri Már Sigrúnarson ráðinn þjálfari og hefur hann sinnt því starfi með ágætum.

Helstu mót sem keppendur Taekwondó deildar tóku þátt í á árinu voru:

TSH bikarmót í Keflavík í mars 2009

TSH bikarmót í Reykjavík 31. október 2009

Til að standa straum af kostnaði við þjálfun og keppnisferðir var ráðist í eftirfarandi fjáraflandi:

Garðslátt, fjöruhreinsun fyrir Ísafjarðarbæ og kertasölu fyrir jólin.

Dagný Viggósdóttir, ritari Taekwondó deildar Harðar.

Glímudeild Harðar

Stjórn:

Formaður: Rúnar Þór Brynjólfsson

Meðstjórnandi: Sigurður Bjarki Guðbjartsson

Ritari: Berglind Árnadóttir

Þjálfarar:

Yfirþjálfari: Hermann Níelsson

Þjálfari: Brynjólfur Örn Rúnarsson

Aðstoðarþjálfarar: Birkir Örn Stefánsson (var hluta úr árinu) og Sigurður Óli Rúnarsson

Æfingar:

Æfingar voru þrisvar sinnum í viku fyrir hvorn flokk, þ.e. yngri og eldri flokk. Úrvalshópsæfing GLÍ var haldin að Laugum í Sælingsdal helgina 14. – 15. mars og tóku 10 glímukappar frá Herði þátt í henni. Ingibergur J Sigurðsson kom til Ísafjarðar í febrúar til að þjálfra glímumenn.

Fundir:

45. ársþing var haldið 13. mars að Laugum í Sælingsdal. Margir Harðarmenn tóku þátt í þinginu. Aðalfundur Harðar var haldinn 1. apríl. Fundir stjórnar voru 4 og fundir með foreldrum urðu 3. Annars voru samskipti einnig góð í formi hringinga og tölvusamskipta.

Fjáraflanir:

Fyrir þorrablótin seldu glímukappar harðfisk og gekk sú sala nokkuð vel. Kökubasar var haldinn í febrúar til að standa straum af kostnaði vegna æfingabúða Ingibergs J Sigurðssonar. Fluttar voru búslóðir í fjáröflunarskyni. Í desember var seldur jólapappír. Glímudeild Harðar sá um að slá sjúkrahússtúnið. Það var slegið 6 sinnum yfir sumarið og gekk það vel. Það mættu frá 6 upp í 15 manns, bæði börn og fullorðnir (oftast voru þó u.þ.b. 10 manns). Slátturinn var aðalfjáröflun glímudeildarinnar.

Glímusýningar:

Harðverjar voru með nokkrar glímusýningar fyrir ferðamenn í Neðstakaupstað á Ísafirði sumarið 2009, einnig fóru fram sýningar fyrir ferðamenn í eyjunni Vigur. Þessar sýningar tókust í alla staði mjög vel og voru ferðamenn mjög hrifnir og teknar voru fjölmargar myndir af glímuköppunum, sem eru væntanlega í albúnum úti um allan heim.

Innanfélagsmót:

Páskamót Harðar fór fram 6. apríl í íþróttahúsinu við Austurveg. Keppendur mótsins voru 11 talsins. Sigurvegarar mótsins voru Margrét Rún Rúnarsdóttir (stelpur 12 – 13 ára), Baldur Björnsson (strákar 10 – 11 ára), Elvar Ari Stefánsson (strákar 12 – 13 ára) og Sigurður Óli Rúnarsson (strákar 14 – 15 ára).

Yngri kynslóðin á Ísafirði keppti á **Prastarmótinu** þann 29. maí. Nína Dagrún Hermannsdóttir vann í flokki stúlkna 13 – 14 ára, í flokki drengja 11 – 12 ára vann Baldur Björnsson, í flokki 13 – 14 ára drengja sigraði Samúel Þórir Grétarsson og í flokki 15 – 16 ára sigraði Sigurður Óli Rúnarsson.

Glíman um **Vestfirðingabeltið** fór fram 30. maí í íþróttahúsinu á Torfnesi. Stígur Berg Sophusson vann beltið í þriðja sinn og hlaut hann einnig fegurðarverðlaun. Einungis þeir sem hafa heimilisfesti á Vestfjörðum geta keppt um beltið. Að þessu sinni kepptu 6 glímumenn um það.

Jólamót Harðar fór fram 16. desember. Sigurvegarar mótsins voru Baldur Björnsson (strákar 11 ára og yngri), Margrét Rún Rúnarsdóttir mætti ein til keppni í stúlknaflokk og keppti því sem gestur við strákana í sama aldursflokk, hún sigraði en Elvar Ari Stefánsson varð efstur af strákunum. Sigurður Óli Rúnarsson sigraði í flokki stráka 14 – 15 ára.

Opið mót:

Minningarmót um Guðna Albert Guðnason “kóngabana” fór fram 30. maí í íþróttahúsinu á Torfnesi. Pétur Eypórsson sigraði og Ingibergur J Sigurðsson fékk fegurðarverlaunin. Keppendur voru 7, þar af 2 frá Herði.

Keppnisferðir:

Bikarglíma Íslands. 37. Bikarglíma Íslands fór fram þann 14. mars að Laugum í Sælingsdal. Frá Herði kepptu 9 manns. Á þessu móti fékk Hörður 2 silfur og 1 brons.

Grunnskólamót Glímusambands Íslands fór fram laugardaginn 18. apríl á Selfossi. Glímt var á fjórum völlum samtímis. Keppendur frá Herði voru samtals 14. Margrét Rún Rúnarsdóttir varð grunnskólameistari 7. bekkjar. Hörður fékk alls 1 gull, 2 silfur og 2 brons.

Bikarglíma Íslands 16 ára og yngri í sveitaglímu fór fram á Selfossi 18. apríl. Hörður var með 3 strákasveitir og eina stelpnasveit. A sveit stráka 15 – 16 ára sigraði. Sveitin var skipuð þeim Sigurði Óla Rúnarssyni, Birki Erni Stefánssyni og Jóhanni Jakobi Friðrikssyni. Hörður fékk alls 1 gull og 1 brons.

99. **Íslandsglíma** fór fram á Selfossi 18. apríl. Keppt var um Grettisbeltið í karlaflokk og Freyjumenið í kvennaflokk. Hörður átti 2 karlkyns keppendur af 8 á mótinu, en sigurvegari mótsins var Pétur Eypórsson KR og hreppti hann því Grettisbeltið og sæmdarheiðið Glímukóngur Íslands. Í glímunni um Freyjumenið sigraði í fimmta sinn Svana Hrönn Jóhannsdóttir GFD og hlaut sæmdarheiðið glímudrottning Íslands. Fegurðarverðlaun fengu Pétur Eypórsson í karlaflokk og Elísabeth Patriarca í kvennaflokk.

Sveitaglíma Íslands fór fram í glímuhúsi Ármanns í Reykjavík 2. maí. Þrjár sveitir mættu til leiks. Sveit Harðar skipuðu þeir Birkir Örn Stefánsson, Brynjólfur Örn Rúnarsson, Sigurður Óli Rúnarsson og Steinar Bjarki Marínósson, sveitin fékk bronsverðlaun.

Ársskýrsla HSV 2009

Unglingalandsmót UMFÍ fór fram á Sauðárkróki dagana 31. júlí til 2. ágúst. Glímukeppnin fór fram laugardaginn 1. ágúst. Keppt var á tveimur grasvöllum samtímis. 5 keppendur kepptu fyrir Hörð (HSV). Hörður fékk alls 2 silfur og 1 brons.

Meistaramót Íslands 1. umferð fór fram í íþróttamiðstöðinni Jaðarsbökkum á Akranesi 17. október. 5 keppendur frá Herði tóku þátt í þessu mót. Hörður fékk 1 silfur.

Íslandsmeistaramót 15 ára og yngri fór fram í íþróttamiðstöðinni Jaðarsbökkum á Akranesi 17. október. 14 keppendur frá Herði tóku þátt í mótinu. Hörður fékk alls 3 silfur og 3 brons.

Sveitaglíma Íslands 15 ára og yngri fór fram í íþróttahúsinu á Jaðarsbökkum á Akranesi 17. október. Hörður sendi 3 sveitir á þetta mót. Drengir 14 – 15 ára hlutu Íslandsmeistaratitil, en það voru þeir Birkir Örn Stefánsson, Jóhann Jakob Friðriksson og Sigurður Óli Rúnarsson. Hörður fékk alls 1 gull og 2 silfur.

Meistaramót Íslands 2. umferð fór fram í íþróttahúsi Kennaraháskólans 7. nóvember. Glímt var á tveimur völlum og tóku 2 keppendur frá Herði þátt í þessu mót. Hörður fékk 2 silfur.

Íslandsmeistaramót í Back-hold var haldið í glímuhúsi Ármanns 7. nóvember. Keppt var í 4 flokkum. Þetta var í fyrsta skipti sem Íslandsmeistaramót var haldið í þessari grein. Einn keppandi frá Herði tók þátt í mótinu.

Fjórðungsglíma Vesturlands fór fram að Laugum í Sælingsdal 28. nóvember. Ekki hafði Fjórðungsglíma Vesturlands verið haldin síðan 1970, svo nú var um tímamót að ræða. Frá Herði fóru 12 keppendur. Fjórðungsmeistarar urðu Margrét Rún Rúnarsdóttir, Sigurður Óli Rúnarsson og Stígur Berg Sophusson. Hörður fékk alls 3 gull, 3 silfur og 2 brons. Hörður varð einnig stigahæsta félagið.

Fjórðungsglíma Vesturlands (sveitaglíma) fór fram að Laugum í Sælingsdal 28. nóvember. Hörður fékk alls 1 gull, 1 silfur og 1 brons.

Júdódeild Harðar

Júdódeild Harðar var stofnuð á vordögum 2009.

Á Fyrsta aðalfundi Deildarinnar var skipuð 3ja manna stjórn,

Formaður : Stígur Berg Sophusson

Varaformaður : Daníel Þór Þorsteinsson

Gjaldkeri: Jóhann Örn Guðmundsson

Seinasta vor vorum við með æfingar í Mars Apríl og Maí, og var um 5-8 manna hópur að æfa.

Menn voru lengi að komast af stað eftir sumarið og hófust æfingar um miðjan Nóvember.

Um Miðjan Desember kom Daníel Þór til landsins eftir 2ja mánaða dvöl í Barcelona þar sem hann lærði Brazilian Jiu Jitsu undir handleiðslu Robin Gracie.

Síðan þá hefur Daníel þjáfað um 6-8 manna hóp og vel hefur tekist til.

Núna erum við komnir með 3 æfingar á viku, á Mánudögum og Miðvikudögum klukkan 20:15-21:00, og Laugardögum klukkan 11:00-13:00.

Nú á dögnum erum við búnir að vera í sambandi við Jiu Jitsu skóla Íslands, og hefur eigandi skólans boðið okkur að koma vestur að kenna og halda gráðupóf, einnig hefur hann boðið okkur að mæta á námskeið í Reykjavík frítt.

Okkur finnst þetta allt frábærar fréttir og erum ánægðir með hvernig þetta rúllar hjá okkur.

Í haust létum við svo hanna merki fyrir júdódeildina og tókst mjög vel til.

Teiknarinn er Arnfinnur Rúnar Sigmundsson.

Það sem er á næstunni hjá okkur er að fá Þjálfara Vestur frá Jiu Jitsu skóla Íslands og þá vonandi lokka fleiri á æfingar í kjölfarið af því, en þetta er einmitt íþrótt sem nánast allur aldur getur stundað, en bara ef þú ert yfir 16 ára á Ísafirði og allt þar til menn verða heilsulausir.

Handknattleiksdeild Harðar

Eftirtaldir skipuðu stjórn handknattleiksdeildar.

Jón Sigmundsson formaður

Atli Freyr Rúnarsson

Kristján K. Júlíusson

Líkt og keppnistímabilið 2008-2009 sendi handknattleiksdeild Harðar eitt lið 3.fl.karla til keppni á Íslandsmóti 2009-2010. Tímabilið 2008-2009 var í fyrsta skipti í mörg ár sem Hörður sendir lið til þátttöku á Íslandsmóti. Liðið endaði í neðsta sæti 2.deildar það árið með ekkert stig en árið var lærdómsríkt fyrir strákana sem flestir voru á yngra ári í 3.fl. Þjálfari liðsins var Steinþór Gunnarsson en hann hætti störfum fyrir félagið eftir tímabilið þar sem hann flutti suður til Reykjavíkur um haustið. Við þjálfun liðsins tók Maron Pétursson. Liðið er sem stendur í 9 sæti með 4 stig og hefur bætt leik sinn mikið eftir því sem liðið hefur á tímabilið.

Fleiri yngriflokkar eru starfandi hjá deidinni en þeir taka ekki þátt í Íslandsmóti. Til að geta gefið sem flestum aldurshópum tækifæri á því að iðka handknattleik var ákveðið að vera ekki með hefðbundna flokkaskiptingu. Þess í stað var ákveðið að nefna flokkana krakkaflokk(4-7 bekkur grunnskóla) og unglíngaflokk (8-10 bekkur grunnskóla). Krakkaflokkur æfir 3 sinnum í viku og er Atli Freyr Rúnarsson þjálfari þess flokks. Unglíngaflokkur æfir einnig þrisvar í viku og er Lárus M.K. Daníelsson þjálfari þeirra.

Meistaraflokkur Harðar spilaði 3 leiki á árinu 2009. Sá fyrsti var í utandeildarbikar gegn Víking og tapaðist sá leikur með einu marki 24-23. Svo fengum við Selfyssinga til að spila við okkur sýningaleik á 90 ára afmæli félagsins þann 30 maí og endaði leikurinn með sigri Selfyssinga 22-31. Meistaraflokkurinn tók svo þátt í Eimskipsbikarkeppni HSÍ og spiluðu gegn Þrótti Reykjavík 24.október á Torfnesi. Úrslit leiksins urðu 22-29 Þrótti í vil.

Stefnt er að því að vera með fleiri flokka á Íslandsmóti næsta tímabil og er það vel raunhæft miðað við núverandi iðkendafjölda. Í krakka og unglíngaflokk eru skráðir 56 iðkendir og í 3.fl erum við með 14 iðkendir.

Körfuknattleiksfélag Ísafjarðar

Síðasti aðalfundur KFÍ fyrir starfsárið 2008 var haldinn þann 21 ágúst 2009. Þar voru kjörnir í stjórn Ingólfur Þorleifsson formaður. Helgi Sigmundsson, Guðjón Þorsteinsson, Sævar Óskarsson og Gunnar Pétur Garðarsson. Til vara voru kjörin Anna Edvardsdóttir, Katrín Gunnarsdóttir, Óðinn Gestsson og Unnþór Jónsson.

Á fyrsta fundi stjórnar skipti hún með sér verkum þannig, Gunnar Pétur Garðarsson gjaldkeri. Helgi Sigmundsson ritari. Guðjón Þorsteinsson og Sævar Óskarsson meðstjórnendur.

Stjórnin fundaði óreglulega á starfsárinu, fyrst í stað vikulega en þegar leið á tímabilið urðu fundir óreglulegri, og einnig voru mál rædd í tölvupóstum og í gegn um síma. Á starfsárinu tókst að greiða niður gamlar skuldir, og engar nýjar bættust við. Fylgt var þriggja ára fjárhagsáætlun sem gerð var og hafa áætlanir í henni að stærstum hluta gengið eftir. Staða félagsins er því nokkuð góð. Rekstur íþróttafélaga verður þó aldrei auðveldur og stjórnarfolk þarf að leggja mikið á sig til að ná endum saman. Með samstilltu átaki stjórnar og styrktaraðila hefur tekist á síðustu árum að snúa gangi félagsins til betri vegar. Þess vegna er sá árangur að liðið skuli vera komið í úrvalsdeild á sama tíma og skorið hefur verið niður í rekstri mjög ánægjulegur.

Þegar tímabilinu lauk síðasta vor var þegar farin af stað vinna við að skipuleggja æfingabúðir sem félagið stóð fyrir í byrjun júní. Þar var sérstakur starfshópur sem tók að sér alla undirbúningsvinnu. Í búðirnar mættu rúmlega 50 krakkar og tókust þær mjög vel og almenn ánægja meðal iðkenda, þjálfara og foreldra. Nú er vinna við æfingabúðir þessa árs komin vel á veg og verða þær á svipuðum tíma og síðast eða í byrjun júní. Meistaraflokkur kom saman til æfinga um miðjan ágúst. Leiknir voru 10 æfingaleikir á undirbúningstímabilinu í þremur æfingamótum. Valsmóti, Greifamóti og svo Flugfélagsmóti hér á Ísafirði. Þar voru gestir okkar úrvalsdeildarlið Tindastóls, og 1. deildar lið Vals og Þórs Akureyri. Tindastóll sigraði mótið og eru því fyrstu flugfélagsmeistararnir. Lið KFI var því á góðu róli þegar tímabilið hófst um miðjan október. Árangurinn á Íslandsmótinu í vetur var einn sá besti í sögu félagsins. Liðið lék 18 leiki, vann 16 og tapaði aðeins 2 leikjum. Þessi árangur skilaði liðinu eins og flestir vita upp í Iceland Express deildina þar sem það mun leika á næsta tímabili. Liðið lék einnig í bikarkeppni KKÍ og sigraði lið Heklu frá Hellu í fyrstu umferð, en tapaði naumlega fyrir úrvalsdeildarliði ÍR í annari umferð.

Félagið stendur á tímamótum og það er mikilvægt að halda áfram á þeirri braut sem fetuð hefur verið undanfarin ár. Ef það tekst þá eru okkur allir vegir færir á næstu árum. Við eigum efnilega krakka í mörgum flokkum sem eru stöðugt að bæta sig. Við eigum öflugt fólk sem kemur að rekstri og stjórnun félagsins á ýmsan hátt, allt í sjálfboðavinnu. Einnig eigum við stóran hóp stuðningsmanna sem staðið hafa með liðinu í gegn um súrt og sætt. Síðast en alls ekki síst eigum við mjög sterka og góða styrktaraðila sem standa þétt við bakið á félaginu. Þetta er mjög góð blanda sem vænleg er til árangurs. Ég vill að lokum óska tilvonandi stjórn alls hins besta og þakka öllum sem ég hef starfað með í gegn um árin kærlega fyrir skemmtilegan tíma. Ingólfur Þorleifsson.

Skýrsla unglíngaráðs veturinn 2009-2010

Unglíngaráð: Guðni Ó. Guðnason, Katrín Gunnarsdóttir, Óðinn Gestsson, Elvar Ingason, Helga Jóhannsdóttir.

Yfirþjálfari Borce Ilievskij

5 flokkar tóku þátt í Íslandsmóti að þessu sinni, minnibolti yngri fór á 2 hraðmót.

Skráðir iðkendur 110.

Drengjaflokkur

Þjálfari Borce Ilievski

Tóku þátt í Íslandsmóti, þegar þetta er ritað eiga þeir 3 leiki eftir. Uppskeyra vetrarins það sem af er eru 7 sigrar og 6 töp og sitja sem stendur í 5. sæti A-riðls af 9 liðum.

Komust í 2. umferð í bikarkeppni

11. flokkur drengja

Þjálfari: Borce Ilievskij

Enduðu í 2 sæti í B-riðli í lokaumferð. Komumst upp í A-riðil í vetur eftir að hafa sigrað B-riðilinn í 2. umferð. Þeir léku alls 15 leiki í Íslandsmóti, unnu 9, töpuðu 6 og þurftu að gefa einn.

Í bikarkeppni komust piltarnir í 2. umferð.

10. flokkur stúlkna

Þjálfari: Borce Ilievski. Stefanía Ásmundsdóttir tók við sem þjálfari í febrúar.

Stúlkurnar enduðu í 4. sæti B-riðils í lokaumferðinni. Uppspera vetrarins var 6 sigrar og 7 töp.

Í bikarnum komust stúlkurnar í 2. umferð.

8. flokkur drengja

Þjálfarar: Í upphafi vetrar æfði flokkurinn með 8. flokki stúlkna og var Craigh Schoen þjálfari. Í desember var flokkum skipt upp og tók Pance Ilievskij þá við þjálfun flokksins. Flokkur endaði í 3. sæti D-riðils. Náðu að vinna einn leik á fyrsta ári sínu en töpuðu 11. Komust ekki í fyrsta mótið vegna ófærðar.

8. flokkur stúlkna

Þjálfarar: Í upphafi vetrar æfði flokkurinn með 8. flokki drengja og var Craigh Schoen þjálfari. Í desember var flokknum skipt upp og stúlkur fóru að æfa sér og hélt Craigh áfram með flokkinn. Stefanía Ásmundsdóttir tók við þjálfun flokksins er hún kemur í janúar.

Flokkur endaði í 3. sæti C-riðils. Flokkur vann einn leik á sínu fyrsta ári en tapaði 8 leikjum. Komust ekki í fyrsta mótið vegna ófærðar.

Minnibolti

Þjálfari: Craigh Schoen, Guðjón Þorsteinsson, Florijan Jovanov.

Flokkur tók þátt í Hópblamóti Fjölnis í haust og Nettomóti Keflavíkur/Njarðvíkur nú í mars.

Skíðafélag Ísfirðinga

Skýrsla stjórnar starfsárið 2009-2010

Í stjórn voru:	Jóna Lind Kristjánsdóttir	formaður
	Sólrún Geirsdóttir	varaformaður
	Kristín Bjarnadóttir	gjaldkeri
	Málfríður Hjaltadóttir	ritari
	Karl Ásgeirsson	meðstjórnandi
	Jóhanna Oddsdóttir	meðstjórnandi

Stjórnin var endurkjörin á aðalfundi félagsins í maí 2009. Hér á eftir fer stutt samantekt af helstu verkefnum stjórnar.

Fundir

Stjórnin fundaði eini sinni í mánuði í sumar og hefur svo fundað einu sinni til tvisvar sinnum í mánuði í vetur eftir þörfum.

Þjálfarar

Sævar Birgisson þjálfaði í göngu veturinn 2008-2009 en lét af störfum í maí 2009.

Stella Hjaltadóttir er yfirþjálfari í göngu og kemur alltaf til starfa eftir áramót þegar þjálfun

á skíðum hefst, var þá með þjálfun 12 ára og yngri ásamt Sævari. Sævar sá svo alfarið um þjálfun 13 ára og eldri. Haustið 2009 kom Stefán Pálsson til starfa hjá okkur og var með haustæfingar ásamt Kristjáni Flosasyni. Stefán hefur einnig verið með skíðaæfingar í vetur fyrir 12 ára og yngri ásamt Stellu. Silja Rán Guðmundsdóttir er einnig aðstoðarþjálfari Stellu með 8 ára og yngri krakka. Jorunn Haltbakk er þjálfari 13 ára og eldri. Kristján Gunnar Flosason er yfirþjálfari í alpagreinum. Hann hefur borið ábyrgð á þjálfun allra flokka og með honum starfar Sigrún Sigurðardóttir í þjálfun 8 ára og yngri. Oskar Albertsson þjálfar svo 9-12 ára. Ekki var boðið upp á snjóbrettaþjálfun þennan veturinn. Þó nokkur hagræðing varð í þjálfaramálum, sérstaklega í alpagreinum.

Fjármál

Mikið af tíma og vinnu stjórnar hefur farið í að afla tekna fyrir félagið. Áfram var erfitt að afla tekna en við höfum farið aðrar leiðir en áður hefur verið gert og það hefur reynst okkur vel. Við gerðum áframhaldandi samning við Íslandsbanka en þeir eru okkar stærsti styrktaraðili. Einnig hefur HG verið okkur góður stuðningur. Aðrir sem styrktu félagið á einn eða annan hátt voru: Góa, Penninn, Ölgerð Egils Skallagrímssonar, 3X-technologi, Jakob Valgeir og góðir velunnarar. Skíðablaðið 2009 var ekki eins mikil tekjulind og verið hefur þar sem auglýsingasala dróst verulega saman, betur hefur gengið með Skíðablaðið 2010 og verður spennandi að sjá útkomuna á því. Félagið tók við rekstri á skíðaskálanum í Tungudal í febrúar 2009, þar voru foreldrar í aðalhlutverki í sjoppusölu allar helgar. Þessi fjáröflun gekk mjög vel. Skíðafélagið gerði þjónustusamning við Ísafjarðarbæ frá 1. janúar 2010-1. maí 2010, en SFÍ sér um miðasölu, skíðaleigu og þríf á skíðaskálanum. SFÍ réði sér starfsmann til verksins. Veturinn hefur því miður ekki verið okkur hliðhollur að þessu sinni, lítið hefur snjóað og fáir dagar sem hefur verið opið. Sjoppusasla skíðafélagsins hefur því ekki gengið eins og við gerðum okkur vonir um.

Nú er einnig starfssamningur í gangi á milli Ísafjarðarbæjar, HSV og Skíðafélagsins, en félagið tekur að sér alla vinnu í Skíðavíkunni gegn góðu fjárframlagi frá Ísafjarðarbæ. Mikil vinna er fyrir höndum að afla enn meiri tekna svo félagið megi halda áfram að halda uppi öflugu starfi.

Mótamál

Snjóleysi hefur heldur betur sett strik í reikninginn og ekki hefur verið haldið eitt einasta mót í alpagreinum, hér áttu að vera tvö bikarmót en þeim var aflýst og færð annað.

Á göngusvæðinu hefur ástandið verið skár og þar var haldið eitt bikarmót og nokkur innanfélagsmót.

Ekki gátum við haldið Púkamót Íslandsbanka en í staðinn héldum við þrautamót á gönguskiðum fyrir 12 ára og yngri í alpagreinum og göngu og höfðum svo fjölskyldusamveru í Tungudal þar sem hægt var að renna sér á sleðum og brettum og enduðum á pítsaveislu. Íslandsbanki leysti svo börnin út með glaðningi.

Æfingaferðir

Farið var í æfingaferðir til Akureyrar þennan veturinn þar sem ekki var hægt að skíða á okkar svæði. Flest mót vetrarins fóru fram á Akureyri og Dalvík. Auk þess voru mót í Oddsskarði og Stafdal og gefur það auga leið að ferðakostnaður okkar í vetur er verulegur.

Afreksmenn

Silja Rán Guðmundsdóttir, Rannveig Jónsdóttir og Arnór Freyr Fjölhnsson voru valin í unglíngalandslið SKÍ í göngu. Þau fóru í æfingarferð til Noregs og tóku þátt í tveimur mótum með góðum árangri.

Þau fengu góðan styrk úr afrekssjóði HSV til fararinnar.

Fjárfestingar

Fjárfestingar voru óverulegar.

Önnur verkefni

Skíðafélagið tekur alltaf að sér vegahreinsun fyrir Vegagerðina á vorin, við vorum með 17. júní kaffihlaðborð í Tungudal, héldum veglegt stelpukvöld til styrktar Örnú Sigríði Albertsdóttur auk þess sem gífurlegur fjöldi fólks vannur í sjálfboðavinnu við okkar stærsta árlega mót, Fossavatnsgönguna.

Ég vil þakka öllu því góða fólki sem hefur lagt hönd á plóg í vetur fyrir þeirra þátttöku. Minna varð úr verkefnum vetrarins en ráð var fyrir gert en ég veit að allir voru í startholunum og tilbúnir að mæta til starfa þegar veturinn léti sjá sig...sem hann hefur ekki enn gert. Vonum það besta fyrir Skíðavíkuna.

Fyrir hönd stjórnar Skíðafélags Ísfirðinga
Jóna Lind Kristjánsdóttir

Skotíþróttafélag Ísafjarðarbæjar

Skíðaskotfimin var haldin að venju á skíðavíkunni. Um 35 manns tóku þátt að þessu sinni og heppnaðist allt með ágætum.

Nýju skíðaskotfimirífflarnir komu ekki til landsins tímanlega fyrir mót, en eru nú tilbúnir fyrir mótið 2010.

Keyptir voru 3 rífflar af gerðinni Izhmash biathlon basic, og virðast þeir vera þokkalega nákvæmir, og enginn betri en annar.

Fyrir utan skíðaskotfimina, voru alls 16 keppnir haldnar hjá félaginu, á fjórum sunnudögum.

Átta nýir félagar voru skráðir í félagið, en betur má ef duga skal.

Heimasíða SI hefur fengið nokkuð góðar viðtökur. Reyndar mætti undirritaður bæta frammistöðu sína við uppfærslu síðunnar.....en það lagast nú vonandi með hækkandi sól. Slóðin er 123.is/si.

Ekkert hefur gengið að fá hentugt húsnæði undir inniæfingar, en félaginu barst þó höfðinglegt boð frá Hestamannafélaginu Stormi, um aðstöðu til æfinga í reiðhöll þeirra. En þar sem húsið er ekki "skothelt" stenst það ekki þær öryggiskröfur sem gerðar eru til svona æfingaaðstöðu. Því fæst ekki leyfi nema með talsverðum tilkostnaði og breytingum á húsinu.

Félagsmenn eru því áfram hvattir til að hafa augun hjá sér og leita að hentugu húsnæði fyrir félagið.

f.h stjórnar.

Guðmundur Valdimarsson.

Formaður SÍ.

Sundfélagið Vestri

Dagskrá 2009-2010

Janúar: Vestri sá um bakstur á íþróttamanni Ísafjarðabæjar, var þetta fjáröflun á vegum HSV.

Febrúar: Fjáraflanir í Febrúar:

Kökubasar utanlandsfara var haldinn 6. febrúar. Kökulína var haldin fyrstu vikuna í febrúar.

Þann 6. febrúar var haldið pizzapartý hjá Gull-hóp þar sem sundmönnum í Bolungarvík var boðið með.

Farið var á Gullmót-KR 13.-15. febrúar

Fundur fyrir foreldra utanlandsfara var haldinn 17. febrúar þar sem farið var yfir málin fyrir komandi æfingaferð.

Mars: Fjáraflanir í mars:

Kökubasar var hjá utanlandsförum þann 6. mars. Dósasöfnun var þann 9. mars. Skemmti-, pizzu- og leikjakvöld var haldið í íþróttahúsinu þann 13. mars.

Farið var á ÍM-50 19. - 22. mars.

Þann 24. mars var haldinn aðalfundur sundfélagsins. Á þeim fundi hætti Margrét sem formaður og var því formannslaust frá þeim tíma og fram í september.

Stjórnin sá um að skipta með sér verkum á þessu tímabili.

Apríl: Sundsýning hjá sundskóla og krílahóp var 7. apríl.

Ingi Þór Einarsson aðalfræðslustjóri sundheimsins á Íslandi var með neðansjávarmyndatökur af krökkunum í gullhóp þann 16. apríl.

Mái: Fjáraflanir í maí:

Dósasöfnun var haldin 11. maí.

Þann 1. maí var haldið innanfélagsmót í sundhöllinni.

Fundur með utanlandsförum og foreldrum var haldinn 13. maí.

15. -17. Maí var farið með dagóðan hóp á ÍRB- mót í Keflavík.

Farið var með C-, Silfur- og Bláa liðið á skemmtimót UMFH þann 21. maí.

Þann 27. maí hélt Benni Þjálfari ásamt fleirum, styrktartónleika fyrir utanlandsfara, Tónleikarnir voru haldnir í grunnskólanum

Júní: Fjáraflanir í júní:

22. júní var dósasöfnun.

Þann 10. -17. júní fór sundfélagið í æfingaferð til Tenerife. Ferðin gekk í alla staði mjög vel og voru börn, fararstjórar og þjálfarar ánægðir með ferðina.

Dagana 24. - 28. júní var haldið til Akureyrar á aldursmeistaramót Íslands (AMÍ).

Júlí - Sumarfrí

Að loknu AMÍ og fram til 7. ágúst tók svo við sumarfrí sundfólks.

Ágúst

Æfingar hófust hjá elsta sundfólkinu þann 7. ágúst.

Þann 20. ágúst hófust skráningar fyrir sundárið 2009-2010, þá var jafnframt ný stundatafla kynnt.

Fjáraflanir í ágúst:

Þann 29. ágúst var vörutalning í Bónus.

Hér að ofan hefur aðeins verið kynnt ágríp af starfi félagsins frá áramótum, þar sem núverandi formaður var ekki starfandi á þessu tímabili

9. September - Félagsfundur

Haldinn var félagsfundur þar sem nýr formaður, Þuríður Katrín Vilmundardóttir tók til starfa. Áður hafði verið formannslaust frá aðalfundi og hafði stjórnin skipt með sér verkum með dyggri aðstoð eldri formanns Margrétar Högnadóttur. Á fundinum var einnig farið yfir komandi Vestfjarðarmót, dagskrá vetrarins kynnt, farið var yfir fjáraflanir, foreldrar skráðu sig niður á þrif í Skólagötunni. Hugmyndir að foreldraráði voru ræddar sem og reglur varðandi staðfestingargjald.

19. September - Vestfjarðameistaramót

Þann 19. September var haldið Vestfjarðameistaramót í sundi. Að þessu sinni var mótið haldið í sundlauginni í Bolungarvík þar sem aðstaða fyrir keppnishald er mun betri heldur en í æfingalaug okkar á Ísafirði. Mótið gekk vel fyrir sig og fengum við keppendur frá Sundfélagi Akraness. Vestri sá um gisti- og matarmál fyrir keppendur og voru foreldrar virkir þáttakendur í skipulagi og umsjón mótsins, hvort sem það var í eldamennsku, tímavörslu, sjoppusölu eða öðru og hljóta þeir bestu þakkir fyrir.

10. Október - Guðlaugssund

Þann 10. október syntu nokkrir félagar Vestra þ.á.m. yfirþjálfarinn, svokallað Guðlaugssund. En það sund er þreytt til heiðurs Guðlaugi frá Vestmannaeyjum sem vann það afrek að synda rétt tæpa 6km í land þegar bátur hans fórst rétt fyrir utan Vestmannaeyjar. Fjórir einstaklingar hófu sundið og luku þeir því allir með stakri þryði.

16. - 18. október - Æfingabúðir að Laugum í Sælingsdal

Dagana 16. - 18. október var farið með stóran hóp barna frá 10 ára aldri í æfingabúðir að Laugum í Sælingsdal. Félagið hefur farið árlega í slíkar æfingabúðir og er þetta samvinnuverkefni nokkurra sundfélaga. Þau félög sem mættu með þátttakendur að þessu sinni voru Breiðablik, Grindavík og Borgarnes. Þetta hefur gefið krökkunum gott tækifæri til að synda undir stjórn annarra þjálfara, kynnast öðrum krökkum og einnig hefur þetta verið kjörið tækifæri fyrir þjálfara að fylgjast með því sem aðrir eru að gera. Segja má að þessar ferðir hafi tekist mjög vel og gert mikið fyrir félagsandann.

20. október - Myndakvöld

Þann 20. október hittust félagar úr Gull-hóp rifjuðu upp góða tíma og skoðuðu myndir frá æfingaför þeirra til Tenerife í júní. Borðaðar voru pizzur, myndir skoðaðar, spjallað og hlegið. Góð stund með góðum krökkum.

30. október - 1. nóvember - Fjölismót RVK

Dagana 30. október til 1. nóvember var skundað með dágóðan hóp á Fjölismót í RVK. Þetta mót var haldið til minningar um Óla Þór sundþjálfara þeirra Fjölismanna, sem lést á sl. ári eftir stutta baráttu við illvígann sjúkdóm. Óli Þór er Vestra fólki vel

kunnugt en hann var þjálfari félagsins til margra ára. Vel gekk hjá krökkunum á mótinu sem komu heim með þónokkuð af verðlaunum.

9. nóvember - Lágmarkamót fyrir ÍM-25

Þann 9. nóvember var haldið lágmarkamót í Sundhöll Ísafjarðar þar sem elstu krakkarnir reyndu við hin ýmsu lágmark fyrir ÍM-25.

19. -22. nóvember - ÍM-25

Dagana 19-22. nóvember var haldið á Íslandsmeistaramót í 25m laug. Mótið er eitt af fjórum sem Sundsamband Íslands heldur. Farið var með flugi og var gíst í farfuglaheimilinu í Laugardal. Töluverðar bætingar urðu hjá liðinu og náðu nokkrir að synda sig inn í úrslit. Meðal annars má nefna að Elena Dís var þar hársbreidd frá íslandsmeti í 50 m skriðsundi í sínum aldursflokki.

Nóvember - desember - Fjáraflanir

Í nóvember og desember var þónokkuð að gera í fjáröflunum og má þar nefna dósasöfnun, sala á dagatölum frá þroskahjálpi og hjartaheill. Einnig sala á friðarkertum. Allt gekk þetta vel fyrir sig og í heildina voru krakkarnir duglegir að selja.

14. desember - Jólasundmót og litlu jól

Jólasundmót Vestra fór að þessu sinni fram þann 14. desember. Þetta var innanfélagsmót fyrir alla hópa félagsins. Mótið gekk vel fyrir sig og var góð mæting. Að loknu sundmóti héldu svo börn og foreldrar í félagsmiðstöðina og gæddu sér á kökum og heitu kakói með rjóma. Foreldrar sáu um að koma með kökur en sundfélagið sá um kakóið. Þótti þetta heppnast vel og allir skemmtu sér og áttu saman góða stund.

UMF.Geisli Súðavík

Skýrsla stjórnar 2009

Haldnir voru 5 stjórnarfundir á árinu. Oft getur verið erfitt að kalla saman stjórnarfund hjá félaginu sökum annríkis stjórnarmanna og hefur því formaður nýtt sér tölvutæknina og hafa nokkur mál verið rædd og samþykkt í gegnum tölvupóst og síðan bókuð á næsta stjórnarfund. Kosið var í eina nefnd hjá félaginu og sér sú nefnd um að aðstoða fótboltaþjálfara í kringum fótboltabót og hefur staðið sig með miklum ágætum. Hin árlegi hreinsunardagur var boðaður um mánaðarmótin maí – júní og sá foreldrafélag fótboltabarna um það verk fjórða árið í röð og fórst það vel úr hendi. Góð mæting hjá bæði foreldrum og börnum og greiddi Súðavíkurbreppur fyrir þá vinnu, fór sá peningur í ferðasjóð fótboltabarnanna.

Geisli tók að sér framkvæmd kvennahlaupsins í sjötta sinn 20.júní og var þátttaka góð, þótt margir væru fjarverandi þar sem fótboltamótið á Blönduósi lenti á sömu helgi. Geisli leggur enn aðaláherslu á fótboltaþjálfun grunnskólabarna eins og undanfarin ár og hefur það starf skilað sér í auknum áhuga á íþróttinni og er það vel. Til að koma til móts við þau börn sem ekki hafa áhuga á boltaíþróttinni er nú í farvatninu að bjóða upp á badminton og verður spennandi að fylgjast með hvort sú íþrótt festi sig í sessi. Farið var á nokkur mót á síðasta starfsári, misstór og stóðu krakkarnir sig frábærlega eins og

Ársskýrsla HSV 2009

endranær. Samstarf er enn á milli Geisla og Stefnis á Suðureyri, þ.e. það eru send sameinuð lið á fótboltamót á vegum félaganna. Það var farið á hið árlega mót á Blönduósi í júní, Shell mótið í Bolungarvík, þau mót sem BÍ á Ísafirði stóð fyrir og einnig fóru 4 og 5fl. karla á Íslandsmótið. Krakkarnir eru að standa sig mjög vel og er hegðun þeirra á fótboltamótum þeim og félaginu til sóma.

Geisli tók þátt í friðarhlaupinu í júlí og hlupu 8 unglingar fyrir hönd félagsins.

Geislagleðin var endurlífuguð eftir nokkura ára hlé og var haldin í botni Álfafjarðar 11-12 júlí í blíðskaparveðri. Mæting var góð, hátt í 100 manns sem skemmtu sér vel við alls kyns leiki og um kvöldið var kveiktur varðeldur og sungið af hjartans lyst.

Boðið var upp á 10 vikna jógaþrógram í haust í íþróttahúsinu og fór mæting fram úr björtustu vonum. Var bætt við öðru námskeiði eftir áramót og er enn á fullu.

Jólatrésskemmtunin félagsins var haldin í félagsheimilinu að venju með tilheyrandi dansi og skemmtun.

Líkamsræktin hefur verið þokkaleg vel sótt og er ómissandi partur af tilveru þeirra sem vilja stunda markvissa hreyfingu og þá sérstaklega yfir vetrartímann.

Í lok janúar kom Hólmfríður Magnúsdóttir hin kunna landliðskona í fótbolta í heimsókn til Súðavíkur og var með krökkunum á æfingu í heilan dag. Öllum börnum á grunnskólaaldri var boðið að koma á æfingu, ásamt börnum frá Íþróttafélaginu Stefni á Suðureyri, og þiggja hádegisverð í boði Geisla, er óhætt að segja að mætingin hafi verið góð. Hólmfríður er góður fulltrúi fótboltaíþróttarinnar og er stjórn Geisla ákaflega stolt af því að geta boðið upp á slíka uppákomu en heiðurinn af komu Hólmfríðar á Halldór Jónbjörnsson þjálfari en hann sá um allan undirbúning. Vinnur hann ómetanlegt starf sem þjálfari félagsins og er hann einnig öflugur að að hvetja fullorðna til hreyfingar. Það er ekki óalgengt að hann smali saman mannskap til að mæta í fótbolta eða badminton í íþróttahúsinu. Bestu þakkir til Halldórs fyrir dugnaðinn.

Stjórn Geisla hefur nú ákveðið að selja húsnæði félagsins að Aðalgötu 2, til Sumarbyggðar hf og er búið að skrifa undir afsal þess efnis.

Eins og fram hefur komið hefur ýmislegt starf verið í gangi hjá félaginu og vonandi verður framhald á því á næsta starfsári.

Ekki hafa borist skýrslur frá fleiri félögum